




Heimavinna blaðamanna í samkomubanni



- **Siðbúinn aðalfundur** hjá Blaðamannafélaginu
- **Skopmyndir** í Danmörku og í Frakklandi
- **Íþróttafréttamaður** með nýjan vef



**Magnús Magnússon
og Skessuhorn**

- **Fjölmiðladekkun** í Spænsku veikinni
- **Mikil endurnýjun** í Brekku
- **Úrskurðir**

frá Siðanefnd BÍ



EFNI BLAÐSINS



Umræðan

4 Rafrænar ritstjórnir

Félagið

10 Alveg fordæmalausir tímar?

Umræðan

14 Flest löndin hafa uppfært siðareglur síðustu árin

16 Skopmyndastríðið mikla

Félagið

20 „Ný kynslóð taki við merkinu“

Umræðan

22 Eigin herra í heimi handboltans

24 „Mikilvægi landshlutablaða er ótvírætt“

Úrskurðir

26 Siðaúrskurðir

Útgefandi: *Blaðamannafélag Íslands*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

Útlitshönnun: *Ásprent*

Prentun: *Ásprent*

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553 9155

Bréfsími 553 9177

*Netfang **bi@press.is***

*Heimasíða BÍ **www.press.is***

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson formaður

og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.



Forsíðumynd

Forsíðumyndin er af dæmigerðri

heimavinnuaðstöðu blaðamanns. Mynd: BG

Covid og fjölmiðlarnir

Heimsfaraldur Covid 19 hefur haft gríðarleg áhrif á samfélagsgerð okkar og mannlíf síðustu mánuði. Efnahagsleg niðursveifla og þungbær röskun daglegs lífs, svo ekki sé talað um þjáningar og dauðsföll hjá mörgum þeirra sem orðið hafa sjúkdómnum að bráð. Um leið hefur ástandið dregið fram mikilvægi fjölmiðlastarfsemi, bæði í ábyrgri upplýsingamiðlun og afþreyingu. Rekstrargrundvöllur og afkoma hefðbundinna fjölmiðla hefur hins vegar versnað til muna, og var hún í sjálfu sér ekki beysin fyrir. Fyrirtækjarekstur margs konar hefur mætt skilningi stjórnvalda, enda lífsviðurværi þúsunda undir og mikilvægt að varðveita kjarngott atvinnulífsútsæði, sem getur tekið við sér þegar faraldursvetrinum loks linnir. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort þessi skilningur stjórnvalda og raunar stjórnmalanna almennt á mikilvægi viðspyrnu og samfélagshlutverks nái yfirleitt til fjölmiðla og framlags fjölmiðlafólks. Vissulega fóru 400 milljónir í neyðaraðstoð til fjölmiðla í ár vegna Covid 19, en ekki er fyrirsjáanlegt að framhald verði á slíkum stuðningi, ófugt við það sem þó verður í nágrannalöndum. Raunar er alls óvíst, þrátt fyrir áform menntamálaráðherra, að nokkuð verði af stuðningi við einkarekna fjölmiðla í náinni framtíð vegna pólitískrar óeiningar. Enda hafa aðstandendur smærri miðla af því áhyggjur, eins og sjá má í viðtali við Magnús Magnússon, ritstjóra Skessuhorns hér í blaðinu. Þegar til kastanna kemur virðast stjórnmalin ætíð meta fjölmiðla og hlutverk þeirra sem einhvers konar framhald af eigin hagsmunum, frekar en að þeir séu sjálfstætt upplýsingakerfi lýðræðisins. Í því samhengi rifjast upp að einhverju sinni voru stjórnmalamenn í bæjarstjórn Akureyrar spurðir á fundi um fjölmiðlastefnu bæjarins. Hreinskilnasta svarið kom frá stjórnmalamanni sem sagði sitt framboð einfaldlega hafa þá stefnu að vera sem mest og oftast í fjölmiðlum!

Í nýlegri skýrslu Þjóðaröryggisráðs kemur fram að Íslendingar treysta innlendum fjölmiðlum til að miðla áreiðanlegum upplýsingum um kóruneuveiruna, en hafa sem betur fer litla tiltrú á því sem miðlað er á samfélagsmiðlum. Fyrir slíkt ber að þakka, vegna þess að óritstýrður klíður samfélagsmiðlanna er gróðrarstía upplýsingaóreiðu og ranghugmynda, á meðan ritstýrðir faglegir fjölmiðlar eru jarðsambandið sem nauðsynlegt er samfélaginu. Í samkomubanninu hafa fjölmiðlarnir þurft að aðlaga starfsemi sína ströngum sóttvarnakerfum og hafa haldið úti öflugum fréttaflutningi og auk þess séð um að skemmta og fræða í leiðinni. Þetta hefur þó kallað á miklar breytingar á starfsháttum blaðamanna, sem í stórum stíl hafa unnið fréttir og annað ritstjórnarefni að heiman. Gildir þetta bæði um ljósvakamiðla og prent- og netmiðla, þó heimavinna henti þessum miðunarleiðum misjafnlega vel. Í þessu tölublaði er kastljósinu beint að þessari heimavinnu blaða- og fréttamanna, og m.a. birtar niðurstöður úr könnun á reynslu þeirra af þessu fyrirkomulagi. Af henni má ljóst vera að heimavinna hentar fólki nokkuð misjafnlega, þó heilt yfir sé fólk tiltölulega jákvætt, að minnsta kosti ef um tímabundna heimavinnu er að ræða. Því má gera ráð fyrir að þegar faraldurinn verður loksins yfirstaðinn muni bæði fjölmiðlafyrirtæki og blaða- og fréttamenn setja einhvers konar endurskoðun á vinnufyrirkomulagi á dagskrá, endurskoðun sem miðast þá við sveigjanlegri vinnubrögð og starfshætti. Hitt er þó ljóst, að hversu fullkomin sem samskiptatæknin verður, þá mun hún ekki koma í staðinn fyrir samræður og eflandi samskipti augliti til auglitis.

Birgir Guðmundsson

Aðalstjórn

Formaður: Hjálmar Jónsson
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Sunna Kristín Hilmarsdóttir, Sýn
Aðalsteinn Kjartansson, RÚV
Einar Þór Sigurðsson, Fbl.
Þorsteinn Kr. Ásgrímsson, Mbl.
Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðinu

Varamenn

Frosti Logason, Sýn
Ragna Gestsdóttir, Mannlífi
Bára Huld Beck, Kjarnanum

Samningaráð

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Guðni Einarsson, Mbl.
Guðmundur Bergkvist, RÚV
Aðalheiður Ámundsdóttir, Fbl.
Kolbeinn Þorsteinsson
Sunna Kristín Hilmarsdóttir, Sýn

Varamenn

Jóhann K. Jóhannsson
Guðjón Guðmundsson, Vbl.
Aðalsteinn Kjartansson, RÚV

Síðanefnd

Björn Vignir Sigurpálsson, form.
Hjörtur Gíslason, varaform.
Friðrik Þór Guðmundsson

Varamenn

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Sigríður Árnadóttir

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna

Björn Vignir Sigurpálsson
Arndís Þorgeirsdóttir
Óli Kr. Ármannsson
Steinunn Stefánsdóttir
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Menningar- og orlofshúsasjóður

Lúdvík Geirsson, form.
Elín Albertsdóttir
Guðmundur Sv. Hermannsson

Varamaður

Sigurður Már Jónsson

Stjórn Styrktarsjóðs

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Guðni Einarsson

Varamenn

Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Hjálmar Jónsson
Baldur Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga

Sigtryggur Sigtryggsson
Hörður Ægisson

Varamaður

Guðmundur Sv. Hermannsson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið: Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir.
Fréttablaðið: Aðalheiður Ámundadóttir
DV:
Sýn/Vísir/Bylgjan: Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Birtingur:
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson

Rafrænar ritstjórnir



Heimavinnandi blaðamenn í samkomubanni

Heimsvafaldur Covid-19 hefur haft gríðarleg áhrif á starfsemi og rekstur fjölmiðla og víða í hinum vestræna heimi eru uppi áhyggjur af því að miðlar, sem byggja á markaðslegum forsendum, geti tæplega komist hjáþarlast í gegnum þann öldudal sem plágan hefur valdið.


Víðast, þar á meðal á Íslandi, hefur enda ríkisvaldið talið mikilvægt að grípa inn í enn meira en áður þekktist með sérstökum styrkjum til að tryggja eftir föngum starfsemi faglegrar fjölmiðlunar, upplýsingakerfis lýðræðisins. Annars staðar hefur faraldurinn hraðað þróun sem farið var að örla á, sem felst í samþjöppun og fækkun ritstjórna og fjölmiðla, ekki síst staðbundinna blaða. Þá hafa fjölmiðlafyrirtæki, einkum í Bandaríkjunum og Ástralíu, séð sér leik á borði með þeirri miklu heimavinnu blaðamanna sem fylgt hefur faraldurinum, að draga saman og minnka það húsnæði og

aðstöðu sem ritstjórnir hafa haft til afnota. Er þá ýmist selt eða leigt húnæði ritstjórnanna, en reynt að hafa ritstjórnarvinnuna sem mest á rafrænu formi. Allt er það gert til að mæta rekstraráskorunum sem hafa verið til staðar um nokkra hríð, en hafa magnast til muna í því ásandi sem nú ríkir. Ekki hefur þó frést af slíkum áformum hér á landi, ekki ennþá í það minnsta. Engu að síður er ljóst að íslenskir blaða- og fréttamenn hafa þurft að gjörbreyta vinnutilhögun sinni vegna sóttvarna og samkomubanna. Heimavinna er nú orðin ríkur þáttur í ritstjórnarvinnunni frá degi til dags.

Ljóst er að viðbrögðin við samkomubanni hafa áhrif á að minnsta kosti þrjá þætti hefðbundinnar ritstjórnarvinnu. Í fyrsta lagi er það heimavinna blaðamanna og hversu útbreidd hún er; í öðru lagi verða ritstjórnarfundir og samskipti með öðru formi en áður; í þriðja lagi þarf að huga vel að framleiðsluferli og vinnsluflæði.

Viðbrögð við banni

Samkvæmt upplýsingum frá ritstjórnarlegum forsvarsmönnum fjögurra miðla, þ.e. RÚV, Sýnar, Morgunblaðsins og Fréttablaðsins, brugðust miðlarnir yfirleitt svipað við samkomu-



Mynd 1. Myndin sýnir hlutfall blaða- og fréttamanna í heild sem segja viðkomandi valkosti best lýsa reynslu sinni af heimavinnu. Einnig sýnir hún hlutfall kvenna og hlutfall karla sem nefna hvern valkost.

banninu í fyrstu bylgju faraldursins í mars og apríl.

Nokkur munur var þó á því hvernig ólíkir miðlar, en þó einkum mismunandi tegundir miðla, brugðist við. Varðandi heimavinnu starfsmanna fóru ljósvakamiðlarnir í það að skipta upp í vaktir og stúka vinnustaðinn niður í hólf til að takmarka útbreiðslu smita, kæmu þau upp. Um helmingur fréttamanna bæði hjá Sýn og RÚV unnu að heiman en aðeins var munur á því hvort þeir voru meira og minna allan tímann að vinna heima eða vaktir skiptust á að vera á staðnum. En stór hluti fréttamanna vann heima á hverjum tíma og var því í fjarsambandi við vinnustaðinn sjálfan og

stúdíóin þar. Margir fréttamenn ljósvakans þróðu með sér tækni til að taka upp og vinna efni t.d. á símana sína. Á prent- og netmiðlum má hins vegar segja að blaða- og fréttamenn hafi nánast alfarið unnið heima. Það gildir einnig um umbrot og ljósmyndasöfn og ljósmyndarar unnu með sama hætti að heiman þó augljóslega hafi þeir verið á ferðinni að taka myndirnar.

Samskipti

Í flestum tilfellum virðast samskipti hafa verið góð milli manna og ritstjórnarfundir haldnir í gegnum samskiptaforrit af einhverju tagi, þó ritstjórnarfundir hafi verið með öðru sniði og í sumum tilfellum fámennari

en venja var fyrir samkomubann. Samskipti yfir daginn fóru síðan víðast fram í gegnum Teams en Fréttablaðið notaði Slack. Bláða- og fréttamenn á prentmiðlum og eins netmiðlum voru tengdir við miðlæga ritstjórnarkerfi og myndasöfn þannig að þeir höfðu í raun svipaðan aðgang og þeir hafa inni á ritstjórnarskrifstofunum sjálfum. Að mati ritstjórnarlegra stjórnenda virðist sem vinnslufleið hafi gengið nokkuð vel, þannig að yfirleitt tókst að halda innri skilátíma og endanlegir skilátímar gengu upp alla jafnan. Hjá RÚV var þó t.d. skilátími fyrir sjónvarp færður aðeins fram til að hafa svigrúm ef eitthvað kæmi upp á.

Kristín Ólafsdóttir, Stöð 2, Bylgjan, Vísir:

Kisi með lítinn skilning á skilafresti

Ég hef unnið heima síðan í mars, með kærkomnum hléum þó í takt við veiruaðgerðir. Það má alveg segja að það hafi gengið vel, enda hægt að sinna netbláðamennsku hvar sem er að því gefnu að maður sé sæmilega tækjum búin. Sem ég er – við fengum öll vinnutölvurnar heim og svo skaffaði fyrirtækið skjái og aðra fylgihluti.


Þó að tæknilega hliðin sé í farsælum farvegi hefur mér samt fundist hryllilega erfitt að vinna heima. Ég sakna þess ótrúlega sárt að spjalla við vinnufélaga mína augliti til auglitis. Það tekur ofsalega á að vera ein inni í herbergi allan daginn en ég er sem betur fer í góðu sambandi við samstarfsfólkið í gegnum netið.

Sum verkefni eru samt erfiðari heima en önnur. Ég var á útvarpsvöktum í vor og þurfti þá að taka fréttatímanna upp fyrirfram, undir sæng inni í herbergi í keng yfir hljóðnema. Í eitt skipti var ég enn að taka upp fjórum mínútum fyrir útsendingu. Það er oft teflt á tæpasta vað í þessum bransa eins og við þekkjum öll og á ögurstundu stökk kötturinn minn upp á skrifborðið mitt, þaðan innundir sængina og gjöreyðilagði upptökuna. Ég þrykkti kettinum út og náði fyrir einhvers konar kraftaverk að skila tímanum af mér fimmtán sekúndum áður en klukkan sló fréttir.

Þannig að þetta hefur verið svona upp og niður. En maður venst þessu, eins og svo mörgu öðru í faraldrinum. Það er til dæmis frekar guðdómlegt að geta sofið hálf tíma lengur á hverjum morgni í staðinn fyrir að berjast út í strætóskýli í haustlægd. Og ekki síður þægilegt að geta skellt í eins og eina þvottavél í kaffipásu.



Kristín við skrifborðið og tölvuna heima hjá sér.



Mynd 2. Myndin sýnir hlutfall blaða- og fréttamanna í heild sem segja viðkomandi valkost best lýsa reynslu sinni af heimavinnu. Jafnframt sýnir myndir hlutfall þeirra sem nefna hvern valkost eftir því á hvernig miðli þeir vinna.

Könnun meðal blaðamanna

Heimavinna blaða- og fréttamanna felur þó í sér margt fleira en það að vinnsluflæði og samskipti séu til staðar. Til að kanna hver reynsla blaða- og fréttamanna er af því að vinna heima var lögð könnun fyrir meginþorra starfandi blaða- og fréttamanna sem vinna á ritstjórnunum í dag. Um var að ræða stutta netkönnun sem send var 244 blaðamönnum og fengust svör frá 148 eða um 60% þeirra. Eins og gengur svöruðu þó ekki allir öllum spurningunum. Heldur fleiri karlar en konur svöruðu könnuninni eða 92 karlar á móti 55 konum. Skipting svarenda eftir því hvernig miðli þeir vinna á var hins vegar nokkuð jöfn, um helmingur vann aðallega á prentmiðli eða prentmiðli

og vef og hinn helmingurinn vann á ljósvakamiðli, ljósvakamiðli og vef eða bara vef. Rétt tæp 80% þeirra sem svöruðu könnuninni unnu að hluta (34%) eða alveg (45%) heima meðan á samkomubanninu í fyrstu bylgju stóð.

Reynsla af heimavinnu

Þær spurningar sem lagðar voru fyrir snerust annars vegar um reynslu blaða- og fréttamanna af því að vinna heima og hvort þeir gætu hugsað sér að gera meira af því og hins vegar lutu þær að atriðum tengdum ritstjórnarvinnunni sjálfri, þ.e. að finna viðmælendur, sjálfstæði þeirra og vinnuáðstöðu.

Áhugavert er að skoða reynslu af heimavinnunni og þá kannski ekki síst

með hliðsjón af kyni annars vegar og tegund miðils hins vegar. Þegar allur hópurinn er skoðaður kemur í ljós að íslenskir blaðamenn virðast vera mjög opnir fyrir heimavinnufyrirkomulaginu. Rúm 40% eru mjög sátt við að vinna heima og annað eins hlutfall er sátt við að gera það í stuttan tíma. Aðeins tíundi hver telur þetta vera ómögulegt fyrirkomulag (sjá mynd 1). Greinilegt er að konur eru hlutfallslega spenntari fyrir heimavinnu en karlar, en önnur hver kona sem svaraði könnuninni er mjög sátt við að vinna heima. Raunar eru konur líka áberandi fleiri hlutfallslega í þeim hópi sem telur fyrirkomulagið ómögulegt. Karlar eru vissulega líka frekar sáttir við þetta fyrirkomulag þó fleiri þeirra séu spenntastir fyrir því í stuttan tíma.

Tæknibúnaðurinn til samskipta, sem ég notaði í samkomubanninu, var í heildina:

Svarmöguleikar		
Algerlega ófullnægjandi	1,42%	2
Frekar takmarkaður	9,22%	13
Hvorki áberandi góður né slæmur	22,70%	32
Frekar góður	47,52%	67
Algerlega fullnægjandi	19,15%	27
Samtals		141

Tafla 1. Mat blaða- og fréttamanna á búnaði í heimavinnu.

Ólíkt eftir tegund miðils

Blaða- og fréttamenn sem vinna fyrst og fremst fyrir ljósvakamiðla og ljósvakamiðla og vef eru áberandi minnst blaða- og fréttamanna hrifnir af heimavinnu. Það þarf í raun ekki að koma á óvart því vinnsluferlið við ljósvakafréttir er almennt þyngra en vefur eða prentmiðill kallar á. Þannig er áberandi að þeir sem vinna á ljósvakamiðli telja heimavinnufyrirkomulagið ómögulegt eða 15% og þeir sem vinna á ljósvakamiðli og vef eru enn fleiri, en um 35% þeirra telja þetta fyrirkomulag ómögulegt. Allt aðra sögu er að segja af þeim sem vinna á prentmiðli og vef, mest fyrir vef eingöngu, eða á prentmiðli. Þannig eru t.d. tveir af hverjum

þremur sem vinna aðallega á prentmiðli og vef mjög sáttur við fyrirkomulag heimavinnunnar (sjá mynd 2).

Opnir fyrir heimavinnu

Almennt má því í heild segja að íslenskir blaða- og fréttamenn séu frekar jákvæðir gagnvart fyrirkomulagi heimavinnu, bæði hvað varðar heimavinnu almennt og heimavinnu í stuttan tíma.

Þessi jákvæða afstaða er að sumu leyti svollitíð meira afgerandi en fram kom í svipaðri norski könnun meðal blaðamanna, könnun sem sagt var frá á press.is í október, þar sem skoðanir voru mjög skiptar um ágæti heimavinnunnar. Hugsanlega má tengja

það því að í Noregi var nokkuð hátt hlutfall fólks sem var óánægt með aðstöðu og einkum það hve lítið atvinnurekendur voru tilbúnir að koma til móts við blaðamenn sem unnu heima með því að skaffa tæki og betri tengingar. Það vekur hins vegar athygli hversu almenn ánægja íslenskra blaðamanna er með búnaðinn sem þeir hafa yfir að ráða til að vinna heima. Þetta sést glögglega í töflu 1. Þar má sjá að hátt í 70% blaðamanna telur að búnaðurinn sem þeir höfðu hafi verið frekar góður eða algerlega fullnægjandi. Ekki var þó spurt um að hve miklu leyti íslenskir blaðamenn sköfðu sér þennan búnað sjálfir eða hvort vinnuveitendur gerðu það, en ljóst er að í einhverjum

Orrí Páll Ormarsson:

Heimavinna er heilsubót

Ég vann heima í um tvo mánuði í vor meðan ástandið var sem verst og í þessari lotu er ég búinn að vinna heima síðan snemma í október. Ég er með góða aðstöðu, sérstaka skrifstofu, þannig að ég hef gott næði. Ég hef verið tengdur ritstjórnarkerfi Morgunblaðsins að heiman í tuttugu ár, þannig að þessi aðstaða er hreint ekki framandi, og er með tölvu frá blaðinu.

Samskipti við vinnufélagana hafa gengið vel; við á sunnudagsritstjórninni notum samskiptaforritið Teams mikið til að skiptast á upplýsingum yfir daginn eða þá tölvupóst. Svo virkar gamli góði síminn bara prýðilega ennþá, ég get svo svarið það. Deildarfundirnir fara aðallega fram gegnum síma. Þurfi ég að ræða við fólk á öðrum deildum blaðsins nota ég tölvupóst mest; hef þó aðgang að stærrí hópum á Teams líka.

Félagslega hefur þetta gengið ljómandi vel enda er ég hálfgerður furðufugl sem kemst af löngum stundum án þess að vera í rauntengingu við fólk. Við frúin veitum hvort öðru selskap þessi dægrin. Þess utan hef ég alla tíð notið meiri skilnings meðal málleysingja en manna og bæði hundurinn og kötturinn eru til staðar, þannig að ekki þarf að kvarta. Ég finn ekki mun á þessari lotu og þeirri sem var í vor. Mér hefur alltaf líkað vel að vinna heima og þó ég hafi ekki mælt það með vísindalegum aðferðum þá get ég ímyndað mér að afköstin séu síst minni, mjög líklega meiri.

Það eina sem ég sakna er bumbuboltinn en ég reyni að stunda hann þrisvar í viku í hádeginu. Í staðinn brýt ég daginn upp með gönguferð með hundinn í hádeginu og strax eftir vinnu síðdegis. Skelli mér líka stundum á gamalt þrekhlól sem ég bý að, þó ég þurfi jafnan á öllum mínum málmum að halda til að koma mér í gegnum þá athöfn.



Orrí Páll við skrifborðið heima hjá sér.

tilfellum notuðu blaðamenn sinn búnað, en í öðrum tilfellum útveguðu vinnuveitendur hann.

Vinklar og viðmælendur

Athyglisverð niðurstaða kemur fram þegar spurt er um óáþreifanlegri hluti varðandi ritstjórnarvinnuna. Ætla mætti að þegar blaðamenn eru einir heima hjá sér og ekki í kallfæri við kollega til að ræða um hugsanlega viðmælendur, geti verið erfiðara að

finna viðmælendur eða vinkla til að nálgast viðfangsefnið. Það kemur og á daginn þegar spurt er um þetta atriði eins og sjá má í töflu 2. Mikill meirihluti blaðamanna telur þetta þó vera svipað og þegar ekki er unnið heima, en tæpur þriðjungur segir að það sé heldur erfiðara og frekar litlum hópi finnst þetta verkefni vera mun erfiðara en ella. Það að um það bil einn af hverjum þremur blaðamönnum segir að þessi grundvallaratriði

blaðamennsku séu erfiðari í heimavinnu, þrátt fyrir öll rafrænu samskiptin, undirstrikar í raun félagslegt mikilvægi blaðamennskunnar.

Sjálfstæði

Loks er vert að skoða sjálfstæði blaðamanna í heimavinnunni. Hugsanlegt er að blaðamenn hafi frjálsari hendur um efnistöð og viðmælendur þegar þeir eru fjarri yfirmönnum og kollegum sem kunna að

Urður Örlygsdóttir, Fréttablaðinu:

Heimavinnan hentar mér

Ég er að vinna heima núna. Ég hóf störf hjá Fréttablaðinu í fyrstu bylgjunni og var þá ein af þeim fáu sem fékk að mæta á skrifstofuna. Núna hef ég verið að vinna heima í um fimm vikur.

Við kærastinn minn erum bara tvö, hann fer í vinnuna á morgnana þannig ég fæ góðan vinnufrið hér heima. Ég viðurkenni samt að ég borða hádegismatinn oftast við tölvuna á meðan ég er að vinna og nýti svo hádegishléið í að þurrka af, ryksuga, brjóta saman þvott og önnur heimilisverk. Það er erfitt að einbeita sér að vinnunni þegar það er ryk á gólfinu, en þetta verður auðveldara með hverri vikunni.

Það gengur mjög vel að vera í sambandi við yfirmenn og kollega. Maður saknar þess auðvitað að mæta í vinnuna og hitta kollega sína og getað tekið ritstjórnarfund í eigin persónu en þetta gengur allt eins og smurð vél. Við fundum á morgnana á Teams og svo eru mikil samskipti inni á Facebook.

Það er auðvelt að ná í fólk þessa dagana, flestir eru heimavinnandi og við símann. Ég er með allar græjur sem ég nota í vinnunni vanalega, nema skjáinn minn. Er vrn-tengd netinu hjá Torgi héðan heima og þannig tengd símanum og öllu því sem ég þarf til að sinna vinnunni.

Mér finnst ganga óvenju vel þrátt fyrir að vera ekki í raunsambandi við kollegana. Eins og ég sagði þá eru mikil samskipti okkar á milli á netinu á hverjum degi og lítið um misskilning eða önnur vandamál. Það væri auðvitað frábært að geta mætt en svona er þetta bara núna og það eru allir búnir að tækla þetta rosalega vel á Fréttablaðinu. Ég slapp við þetta í vor. Fékk að mæta í vinnuna þá. Ég er ólétt og var búin að vera í smá veikindaleyfi áður en samkomubannið skall á núna í október. Ég var því orðin smá vön að vera bara heima en það var mikill munur að fá heilsuna aftur og geta allavega unnið og verið í samskiptum við vinnufélagana.

Heimavinnan hentar mér ágætlega og ég gæti hugsað mér meira af henni. Mér finnst fint t.d. þegar ég er ein á kvöld- og helgarvöktum að taka vaktina heima.

Ég reyni að vera dugleg að hreyfa mig, ég fer í göngutúr hér í Vesturbænum á hverjum degi eða reyni að gera stutta æfingu í stofunni með hjálp Youtube. Svo hringi ég alltaf í vini eða fjölskyldu á meðan ég sinni heimilisverkum í hádegishléinu.



Urður Örlygsdóttir að vinna heima.

Ef þú leggur mat á möguleika þína til að vinna mál og finna sjónarhorn og viðmælendur þegar þú vannst utan ritstjórnar, hvert eftirtalinna atriða myndir þú telja að lýsi best því mati?

Svarmöguleikar		
Þetta var mun erfiðara en áður	4,20%	6
Þetta var heldur erfiðara en áður	30,94%	43
Þetta var svipað og áður	30,94%	83
Þetta var heldur auðveldara en áður	30,94%	5
Þetta var mun auðveldara en áður	30,94%	2
Samtals		139

Tafla 2. Mat blaða- og fréttamanna á möguleikum til að finna viðmælendur og vinkla í heimavinnu.

hafa skoðanir á því sem fjalla á um. Á hinn bóginn hefur því einnig verið haldið fram að þegar blaðamenn séu ekki inni á ritstjórninni heldur úti í bæ, sé verkefnum úthlutað með beinni hætti af yfirmönnum og í nafni skilvirkni og fjarlægðar verði fyrir mæli um hvað eigi að gera mun ítarlegri og ákveðnari. Þannig bindi skilyrðing ítarlegra miðlægra fyrir mæla hendur blaðamanna meira en ella og ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra minnki í raun. Íslenskir blaðamenn virðast ekki finna fyrir þessum áhrifum í heimavinnunni og ef eitthvað er, þá aukist ritstjórnarlegt sjálfstæði frekar en hitt. Þetta má sjá í töflu 3 þar sem yfir 80% svarenda segja að engin breyting hafi orðið á ritstjórnarlegu sjálfstæði með heimavinnunni.

Breyting í framtíðinni?

Þegar á heildina er litið virðast íslenskir blaðamenn vera opnir fyrir breytingum á starfsháttum og taka frekar vel í að vinna heima, að minnsta kosti að hluta eða í stuttan tíma í einu. Ekki eru augljósir hnökrar á þessu formi út frá framkvæmd ritstjórnarvinnunnar svona almennt, alltént ekki í þann afmarkaða tíma sem þetta fyrirkomulag hafði verið í gildi þegar könnunin var gerð. Þar með er þó varla sögð nema hálf sagan og í svörum má finna vísi að alvarlegum vanda við heimavinnu. Það að um þriðji hver blaðamaður segir að það hafi verið erfiðara en áður að finna viðmælendur og vinkla á viðfangsefni dregur fram hversu mikilvæg félagsleg samskipti eru inni á ritstjórn og sú dýnamík sem þar verður til þegar fólk

skiptist á skoðunum og ræðir mál. Sé það ekki til staðar er mikils misst, fyrir utan þá augljósu staðreynd að maður er manns gaman og starfsgleði og þar með gæði vinnunnar eru líkleg til að minnka sé fólk mjög lengi eitt heima. Vissulega er hægt að fara langt á rafrænum samskiptum, eins og raunar má sjá af niðurstöðum könnunarinnar, en óvíst að slík samskipti geti veitt nauðsynlega fullnægju. Hitt virðist ljóst að þegar þessum faraldri loksins lýkur, hljóta bæði blaða- og fréttamenn og fjölmiðlafyrirtækin að skoða reynsluna sem nú hefur fengist og ræða hvort tilefni sé til að breyta að hluta til starfsháttum í sveigjanlegra horf. Slíkt gæti augljóslega gagnast öllum aðilum.

- BG

Fullyrt hefur verið að fjarvinna blaða- og fréttamanna geti ýmist leitt til aukinnar miðstýringar á ritstjórnarlegum ákvörðunum eða aukinnar dreifstýringar þeirra. Hver af eftirtöldum valkostum lýsir best reynslu þinni af því að vinna heima?

Svarmöguleikar		
Mér þótti það auka verulega ritstjórnarlegt sjálfstæði mitt	2,13%	3
Mér þótti það heldur auka á ritstjórnarlegt sjálfstæði mitt	13,80%	19
Það varð engin breyting á ritstjórnarlegu sjálfstæði	81,56%	115
Mér þótti það takmarka heldur ritstjórnarlegt sjálfstæði mitt	2,13%	3
Mér þótti það takmarka verulega ritstjórnarlegt sjálfstæði mitt	0,71%	1
Samtals		141

Tafla 3. Mat blaða- og fréttamanna á ritstjórnarlegu sjálfstæði í heimavinnu.

Alveg fordæmalausir tímar?

Kunnugleg minni úr umfjöllun fjölmiðla um Spænsku veikina

Það hefur nánast verið þrástef í allri umræðu undanfarnar vikur og mánuði að við lifum nú á fordæmalausu tímum. Víst má það til sanns vegar færa en þó má að hluta til finna tiltekin minni eða ákveðna samsvörun milli þess sem nú er aðgerast og þess sem gerðist þegar Spænska veikin kom til landsins haustið 1918.

Þar var um alþjóðlegan influensufaraldur að ræða sem lagðist þungt á Íslendinga, dró hátt í 500 manns til dauða, þar af meira en helminginn í Reykjavík. Fjölmiðlaumhverfið á þeim tíma var að sjálfsögðu talsvert annað en það er í dag, en þá eins og nú þurftu fjölmiðlarnir að bregðast við af ábyrgð og finna sér sjónarhorn á umfjöllunina. Það er fróðlegt að skoða rúmlega aldargamla fjölmiðlaumfjöllun um þennan skæða heimfaraldur og hafa um leið í huga hvernig fjölmiðlar samtímans hafa fjallað um Covid 19.

Mikið tíðindaár

Árið 1918 var tíðindamikið ár í Íslands-sögunni og raunar heimssögunni, því þá endaði fyrri heimsstyrjöldin og gríðarlegar breytingar urðu á stjórna-fyrirkomulagi í Evrópu, sérstaklega Þýskalandi. En veturinn hér heima var óvenju kaldur og Katla tók upp á því að gjósa. Fullveldi var þess utan fagnað í byrjun desember, þannig að ekki skorti fréttæfnin. Þó má segja að þegar komið var fram í nóvember hafi „Sóttin“, eins og spænska veikin var gjarnan kölluð í miðlum þess tíma, verið helsta umfjöllunarefnið.

Blaðaflóran á þessum tíma samanstóð af tveimur eða þremur dagblöðum. Þetta voru hin eiginlegu dagblöð Morgunblaðið og Vísir, en auk þess kom út blaðið Fréttir sem var á



Auglýsing um útgáfuhlé dagblaðanna í nóvember 1918.

köflum dagblað þau tvö ár sem blaðið kom út en útgáfuhlé var langt milli ára og á köflum óregluleg útkoma. Blaðið var upphaflega arftaki Ingólfs, blaðs Einars Gunnarssonar (sem stofnaði Vísir) en á haustmánuðum 1918 var Guðmundur Guðmundsson skólaskáld orðinn ritstjóri þar. Morgunblaðinu stýrðu þarna þeir Ólafur Björnsson (Björns í Ísafold) og Vilhjálmur Finsen. Önnur blaðaútgáfa var vissulega fyrir hendi og skipti máli, en þetta voru helstu fréttablöðin.

Þýska Bogga eða danska Sigga?

Blöðin höfðu í október flutt af því fréttir að skæður influensufaraldur herjaði á Evrópu og að ástandið hefði versnað mikið og hratt um haustið í Kaupmannahöfn. Engu að síður er af

umfjöllun að dæma að það hafi verið mjög útbreidd skoðun að þetta væri þrátt fyrir allt bara influensa og influensur hefðu gengið yfir án þess að hafa svo viðamikil veikindi í för með sér að grípa þyrfti til mjög róttækra ráðstafana. Þannig birti Morgunblaðið í byrjun nóvember tvær greinar eftir Guðmund Björnsson landlækni þar sem hann gefur fólki ýmsar ráðlegg-ingar vegna flensunnar sem sé komin til landsins og bendir á að um 80 manns hafi um mánaðamótin verið orðin veik í Reykjavík, en þessi influensa líkt og oft áður virðist ekki leggjast þungt á fólk. Hann ítrekar þó að fólk fari vel með sig enda sé ætíð hættu á að fólk fái í kjölfar flensunnar lungnabólgu. En þó ítrekar hann að þetta sé bara influensa þrátt fyrir að

menn vilji kalla hana öðrum nöfnum líka og bregður fyrir sig örlitilli gamansemi þegar hann undirstrikar það atriði og segir: „Eg býst ekki við að hún Katla gamla tæki miklum stakkaskiftum þó farið væri að kalla hana þýzku Boggu eða dönsku Siguu, - víst er um það, að Inflúenzan er nú sjálfri sér lík, er influenza, þó farið sé að kalla hana spönsku pestina.“

Dagblöðin í útgáfuhlé

En ástandið átti eftir að versna og það hratt. Strax 6. nóvember er ástandið orðið það slæmt að það er farið að hafa afgerandi áhrif á fjölmiðlaumfjöllunina. Í Morgunblaðinu og Vísi þann dag birtist samhljóða auglýsing um það að „Dagblöðin geti ekki komið út næstu daga vegna veikinda starfsmanna“. Samráð var um þetta milli blaðanna þriggja og er tilkynningin undirrituð af ritstjórum Morgunblaðsins, Vísis og Fréttar. Þetta samráð var raunar talsvert umfangsmeira, því í þessari auglýsingu er því jafnframt komið til skila að blöðin muni gefa út fregnið með merkustu tíðindum sem kaupendur geti látið vitja um á afgreiðslum blaðanna, auk þess sem hægt sé kaupa þessa miða á götum. Þetta er athyglisvert samstarf, en hafa ber í huga að mjög margt var að gerast ekki aðeins í tengslum við sóttina,



Vísir 18. nóvember 1918.



Forsíða Morgunblaðsins 17. nóvember 1918

heldur líka utan úr heimi og hér heima. Þessir fregniðir urðu alls fjórir eftir því sem næst verður komist og fjölluðu flestir um fréttir að utan, af lokum stýrjaldarinnar og uppreisn í Þýskalandi. Hins vegar voru þar einnig einhverjar smáauglýsingar sem tengdust þá einhvers konar hjálparstarfi vegna sóttarinnar. Gera verður ráð fyrir að vinnsla þessara fregniðna og starfsemi öll á blöðunum hafi tekið miklum breytingum frá því sem venjulegt var, þó það hafi raunar verið með talsvert öðrum hætti en gerðist rúmri öld síðar þegar Covid farsóttin geisadi hér. Athyglisvert er þó að skoða hvernig blöðin reyndu að birta upplýsingar og leiðbeiningar um það hvernig forðast mætti smit og bregðast bæri við í þessum aðstæðum, sem flokka má sem viðleitni til samfélagslegrar ábyrgðar. Hefðbundin útgáfa blað-

anna hófst svo aftur 17. nóvember eftir 11 daga stopp.

„Ófyrirgefanleg léttúð“

En umræðan í fjölmiðlunum var þó síður en svo einhliða og gagnrýnalaus flutningur á skilaboðum frá heilbrigðis- yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Raunar má segja að á fyrstu vikunum hafi blöðin tekið svolítið ólíkan pól í hæðina hvað þetta varðar. Morgunblaðið gerði það sérstaklega að umtalsefni að ekki væri tímabær umræðan um það hvers vegna sóttin hefði komið til landsins og hvers vegna ekki hafi verið gripið til harðari varnaðgerða. Slíkt ætti að bíða þar til rykið settist og meiri upplýsingar hefðu komið fram, nú væri mikilvægast að einbeita sér að björgunarstarfi og hjúkrun sjúkra. Vísir hins vegar beið ekki með slíkt og strax 18. nóvember

er ítarleg grein í blaðinu sem fjallar um þetta. Þar eru stjórnvöld – þar með talinn landlæknir – sökuð um aðgerðaleyfi. Bent er á að blaðið hafi flutt fréttir af því áður en skipin sem báru sóttina hingað komu, að þessi veiki væri orðin mjög skæð í Kaupmannahöfn, en það virtist ekki hafa skipt yfirvöld neinu. Hér virðist sú „spaugsemi“ landlæknis sem að ofan greinir þegar hann var að undirstirka að þetta væri frekar hefðbundin influensa koma honum í koll, því Vísir kallar grein landlæknis „skopgrein“ og að viðbrögðin öll séu „ófyrrigefanleg léttúð og kæruleysi.“ Ástandið kalli á aðgerðir strax.

Hér má segja að skjóti enn upp kollinum kunnugleg minni úr nútímanum í nálgun blaðanna, annars vegar umfjöllun sem leggur áherslu á samstöðu við að takast á við vandann og svo hins vegar kröfuna um að veita stjórnvöldum aðhald.

Heilbrigðisstarfsfólkið hetjur

En fleira kunnuglegt kemur fram í umfjölluninni þegar mest gekk á í nóvember 1918 í Reykjavík, m.a. hylling heilbrigðis- og björgunarstétta. Blöðin eru dragleg að draga fram hetjulega framgöngu lækna og að hluta til hjúkrunarfólks. Þannig er sérstakur kafli í frétt Morgunblaðsins einn daginn undir millifyrirsögninni „Veslings læknarnir“. Þar er sérstaklega dregið fram hversu mikið álag var á þeim læknum sem gátu staðið vaktina og „söttin beit ekki á“. Tilgreindir eru sérstaklega þeir Matthías Einarsson og Þórður Thoroddsen og einnig landlæknirinn Guðmundur Björnsson og prófessor Guðmundur Hannesson. Síðan segir: „Það ræður að líkindum hve gifurlegt erfiði læknanna hefur verið þessa daga. Þó að eigi sé gert ráð fyrir að meira en tuttugasti hver sjúklingur hafi notið læknishjálpar daglega að meðaltali – en það mun vafalaust of lágt reiknað – þá verða læknisvitjanir samt 500 á dag, ef rétt er sem fullyrt er, að tveir þriðju hlutar bæjarbúa hafi legið samtímis. Það gæfi ranga mynd um störf læknanna að þeir hafi unnið frá morgni til kvelds. Nei, þeir hafa hamast frá morgni fram á miðjar nætur. Vér höfum t.d. góðar heimildir fyrir því að Matthías Einarsson

hefur venjulega verið á þönum frá kl. 7 á morgnana til kl. 2 á nóttunni og stundum lengur, og má það heita þrekvirki.“

Þó læknarnir fái sérstaka dekkun þá fjalla blöðin rækilega um fleiri þætti björgunar- og hjúkrunarmála og lyfta störfum þeirra og framtaki í umræðunni, en það gildir um fátækrahjálp til líkistusmiði og barnahæli til Hjúkrunarstofunnar.


Dreifing sóttarinnar

Enn eitt minnið sem er kunnuglegt úr nútímanum og er áberandi í umfjölluninni á tímum spænsku veikinnar er áherslan á dreifingu veikinnar um landið. Smitin voru vissulega skæðust í Reykjavík en staðan var víða um land mjög erfið og blöðin gerðu sér far um að segja frá stöðunni þar, ekki síst í ljósi þess að heilbrigðisþjargir á landsbyggðinni voru oft mun fátæklegri en þær þó voru í Reykjavík. Vísir var heldur fljótari með fréttir af þessu en bæði blöðin komu síðan með ítarlegar lýsingar af erfiðu ástandi og hvernig sóttin smá saman breiðist út þrátt fyrir að reynt sé að setja upp vegartálma og loka leiðum. Sláandi er hvað þetta varðar hversu takmörkuð boðskipti voru við aðra landshluta sem endurspeglar samgöngukerfið á þeim tíma. Margar fréttir frá útlöndum bárust fyrir til Reykjavíkur í gegnum símskeytin, en fréttir víða að af landinu.

Samfélagsleg ábyrgð – leiðbeiningar

Minnið um samfélagslega ábyrgð í umfjöllun birtist raunar með ýmsum hætti í blöðunum. Ein var sú að Morgunblaðið í slagtogi við aðra miðla eða ritstjóra þeirra, hrinti af stað söfnun fyrir þá sem höfðu lifað af en farið illa út úr sóttinni, en fátækt var mikil í Reykjavík á þessum árum og Morgunblaðið hafði allt frá upphafi lagt sig eftir því að berjast fyrir ýmsum góðgerðarmálum.

En blaðið vakti einnig athygli á hreinlætismálum þó í þá tíð hafi það ekki verið nauðsyn á handþvotti. Eitt dæmi um þetta var hættan af hrákum sem í „hljóta að vera urmull af sóttkveikjum, sem við tækifæri geta gert ómetanlegt tjón, valdið sjúkdómum og dauða.“ Þannig segir í aðsendri grein



Frásögn úr Morgunblaðinu 22. nóvember 1918.

undir yfirskriftinni „Óprifnaður“ að hrákamálin séu á ný orðin að vanda máli strax þegar fólk sé að byrja að hressast og fara út á göturnar aftur, jafnvel þó ekki séu það margir enn.

„Sannarlega er það ógeðsleg sjón, að sjá þessar klessur á vegi sínum, og því nær er það ógjörningur að stíga ekki í hrákana við og við og bera eitthvað af þeim undir fótum sér,“ segir þessi bréfitari. Og Morgunblaðið tekur málið upp daginn eftir undir formerkjum heilbrigðismála í höfuðstaðnum. Þar segir eftir almenna umfjöllun um hversu illa reglum um heilbrigðiseftirlit hafi verið framfylgt: „Það er þjóðareinkenni Íslendinga, að vera ólmir í að hefjast handa, en úthaldslitlir til að fylgja málum fram til sigurs. Nú þykir það enginn ósómi að hrækja á götum úti, eins og raun ber vitni – sbr grein í Mbl.

Í gær. – En það er engin von, að fólk sem hrækir á gólfíð heima hjá bæði sér og öðrum, taki upp betri síði þegar það kemur út á götuna. Og svo ilt sem það er að vaða í hrákum á götum bæjarins, þá er það ennþá verra að vita til þess, að fólk vaði í hrákum á stofugólfum.“

Ólíkir tímar

Eitt er þó sem betur fer áberandi ólíkt í frásögnum blaðanna 1918 og þeim fréttum sem fjölmiðlar flytja af faraldrinum í dag. Þetta eru dánarfréttirnar sem flæða um allar síður þannig að finna hefur þurft „format“ fyrir bæði fyrir formlegar dánartilkygningarnar og

fréttir af andláti hundruð manna á nokkrum vikum. Þessi staða hefur ekki komið upp í tengslum við Covid, enda samfélagsgerðin, þekkingin og heilbrigðiskerfið margfalt betra en fyrir öld síðan. Vitaskuld er himinn og haf milli stöðu og áhrifa þessara tveggja faraldra, og samfélag og fjölmiðlar gjörólíkir, en engu að síður er staðan í dag ekki að öllu leyti alveg eins fordæmalaus og við viljum stundum vera láta.

-BG



MÁLFAARSHORN

Orðaleppar

- Algengt er að heyra talað um „mikið af fólki“
- Rétt er að segja margt fólk
 - Margt fólk var í bænum á 17. júní
 - *Mikið af fólki var í bænum á 17. júní
- Á sama hátt á að segja margir menn / margt fólk en ekki mikill fjöldi manna
 - Margt fólk var þar samankomið...
 - *Mikill fjöldi manna var þar samankomin...

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Beygingar

- Ruglið ekki saman beygingum líkra orða
 - * Hlátur – hlátur – hlátri – hláturs
 - * Grátur – grát – gráti – gráts
 - * Haraldur – Harald – Haraldi – Haraldar (Haralds)
 - * Faraldur – faraldur – faraldri – faraldurs
 - * Gröftur – gröft – greftri – graftar
 - * Fjötur – fjötur – fjötri – fjöturs

Sagnir/ (ó)persónulegar

- Sumar sagnir eru persónulegar eða ópersónulegar eftir merkingu. Persónulegar sagnir beygjast með frumlaginu en ópersónulegar beygjast ekki, frumlagið er þá í aukafalli, þ.e. ekki í nefnifalli:
 - Hann (nf.) bar** sorg sína í hljóði (persónul.)
 - Þeir (nf.) báru** sorg sína í hljóði (persónul.)
 - Hann (pf.) bar** á góma (ópersónul.)
 - Þá (pf.) bar** á góma (ópersónul.)
 - Ég (nf.) rak** lestina / **þeir (nf.) ráku** lestina (persónul.)
 - Mig (pf.) rak** út fjörðinn / **þá (pf.) rak** út fjörðinn (ópersónul.)

Fornöfn

- Fornafnið „sinn“ veldur stundum vanda:
 - Bræðurnir börðust sinn í hvorum her
 - Bræðurnir börðust hvor í sínum her
 - *Bræðurnir börðust í sitthvorum hernum

- Þær stóðu sín hvorum megin götunnar
- Þær stóðu hvor sínum megin götunnar
- *Þær stóðu sitthvorum megin götunnar (Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Tengingar

- Varast að nota „þannig að“ í stað „svo að“ eða „til þess að“
 - Siv vék úr stjórninni til þess að Sigríður kæmist að
 - Siv vék úr stjórninni svo að Sigríður ...
 - *Siv vék úr stjórninni þannig að Sigríður ...
- (Ath. stjórnumerkta setningin er ótæk)

Síðanefndir blaðamanna Evrópu:

Flest löndin hafa uppfært

siðareglur síðustu árin



Friðrik Þór
Guðmundsson
skrifar

Samtökin Alliance of Independent Press Councils, með stuðningi frá UNESCO, rannsaka nú starfsemi síðanefnda blaðamanna í Evrópu (og Kanada) og eru frumniðurstöður að sjá dagsins ljós um þessar mundir. Ljóst þykir að áherslur í sumum siðareglumálum og störfum síðanefnda eru mjög ólíkar og í sumu er Ísland sér á parti. Samanburður er nú mögulegur milli 28 landa, en fleiri munu bætast við.

Þetta á meðal annars við um endurnýjun (uppfærslu) á siðareglum. Átján þessara landa hafa breytt siðareglum sínum á árunum 2006 til 2020, en Ísland breytti þeim síðast 1991 og 4 lönd hafa enn engu breytt (5 lönd svörðu ekki). Þessar breytingar eru gjarnan minniháttar, orðalagslagfæringar og slíkt og raunar athyglisvert hversu fá þessara landa hafa uppfært siðareglur sínar til að ná betur utan um netvæðinguna, gagnvirkni, kommentakerfi og samfélagsmiðla. Nefna má að eingöngu 5 lönd taka á „kommentakerfum“ í sínum siðareglum. Aðeins 2 lönd hafa uppfært siðareglur sínar til að taka á hagnýtingu fjölmiðla á facebook-síðum einstaklinga.

Mismunandi sakkfellingarhlutföll

Nokkuð óljóst er vegna hvaða efnisatriða eða ákvæða í siðareglum landanna er oftast kært. Hérlandis reynir sem kunnugt er mest á seinni hluta 3. greinar um að fara varlega í viðkvæmum málum og valda ekki óþarfa sársauka, en einnig fyrri hluta ákvæðisins um vandvirkni. Flest löndin eða 18 nefna staðreyndarangfærslur (factual accuracy) og



Ísland þar með talið, en „að valda óþarfa sársauka“ virðist hjá flestum detta inn í þann flokk – frekar en að Ísland skeri sig úr með þetta atriði.


Talsverður munur er á fjölda mála og sakkfellingarhlutföllum. Sum lönd, eins og Noregur, hafa tveggja laga kerfi; fyrst ákveður undirnefnd hvort mál sé tækt og þarna detta mörg mál út (vísað frá). Það eru því síuð úr mál sem fara upp í aðalnefndina. Dæmi um hlutfall brotaúrskurða af efnislega teknum málum eru: Svíþjóð 64%, Austurríki 62%, Þýskaland 51%,

Finnland 35%, Kanada 33%, Danmörk 33%, Sviss 30%, Holland 25%, Belgía 24%, Noregur 21% og Írland 13%. Á Íslandi hefur hlutfallið verið um 30% síðustu árin.

Löndin hafa misjafnlega stífar reglur um hvaða mál eru tæk til efnismeðferðar. Á Íslandi er þess krafist (með undantekningum) að fyrir kærni hafi kærandi leitað til viðkomandi fjölmiðils um leiðréttingu, að kært sé innan tveggja mánaða frá birtingu umfjöllunar. Einnig er gerð krafa (með undantekningum) um „aðild að máli“, þ.e. ekki fær hver sem er að kæra. Svona skilyrði eru langt í frá í öllum löndunum. Aðeins 8 lönd eru með leiðréttingakröfu fyrir kærni en 20 ekki. Öll löndin nema Þýskaland eru með tímafrest, níu lönd eru með 3 mánuði, fimm með 2 mánuði (m.a. Ísland) og fimm með 4-6 mánuði. Aðeins eitt land leyfir nafnlausar kærur (sem er ekki hið sama og að nafni sé haldið eftir í birtum úrskurði).

Áfrýjun og klofningur almennt ekki heimiluð

Átján lönd af 28 gera kröfu til þess að í kærni sé vísað til siðaregluákvæða (sem Ísland gerir).



Grænu súlurnar sýna fjölda þeirra landa sem hafa uppfært siðareglur sínar. Af 28 löndum hafa 19 uppfært siðareglur blaðamanna 2006 og síðar, Ísland 1991 og 4 lönd aldrei.

Í 17 löndum kveðst siðanefnd reyna að miðla málum til sátta áður en kærufæri hefst, en í 11 löndum ekki. Á Íslandi gegnir leiðréttingarkrafan vissu sáttahlutverki; að ef leiðrétting fer fram þá geti mál fallið niður.

Í 18 löndum eru ekki tekin fyrir mál sem eru í dómstólameðferð, þeirra á meðal á Íslandi. 10 lönd útiloka slíkt ekki.

Í 12 löndum eru sérálit (klofningur) leyfð, en í 14 löndum ekki. Áfrýjun eða endurupptaka mála er almennt ekki heimil, 23 lönd leyfa ekki áfrýjun/endurupptöku (Ísland þar á meðal), en 5 lönd leyfa slíkt.

Viðurlög eru almennt ekki við broti á siðareglum, en 4 lönd segjast hafa heimild til að beita viðurlögum, en 24 hafa það ekki. Ísland fyllir flokk þeirra

sem hafa heimild til viðurlaga „því klásúla er fyrir hendi um að bera megi undir félagsfund að samþykka vitar á brotlegan blaðamann – sem reyndar hefur aldrei gerst svo ég viti. Flest löndin (21) gera brotlegum fjölmiðlum að birta niðurstöður siðanefndar (eða útdrátt), en 6 lönd ekki (Danmörk segir „stundum“). Að flokka brot eftir alvarleika þeirra tíðkast í 8 löndum en í 19 löndum er það ekki gert.

Eyðublöð og samfélagsmiðlar í notkun

Að lokum: Í 18 löndum býður siðanefnd upp á kærueyðublað á vef-svæði sínu/stéttarfélagsins, en í 10 löndum (m.a. Íslandi) er slíkt ekki í boði. Í 18 löndum nota siðanefndir samfélagsmiðla til að upplýsa um

gang mál, en í 9 löndum ekki (Ísland). Og í 23 löndum eru siðanefndir duglegar við að halda blaðamönnum upplýstum um siðareglur, en nei sögðu 4 lönd – og spurning hvort Ísland teljist ekki þeirra á meðal.

Frekari niðurstöður eru enn að berast og hægt að fylgjast með á vefsíðunni: <https://presscouncils.eu/research> og eins hefur forspraki rannsóknarinnar, Raymond Harder, skrifað yfirlitsgrein um niðurstöðurnar hingað til: <https://presscouncils.eu/userfiles/files/Media%20Councils%20in%20the%20Digital%20Age.pdf>.

-lfbg



Tjáningarfrelsi og teikningar í Danmörku og Frakklandi:



Skopmynda- stríðið mikla

Danir fagna í ár 250 ára afmæli tjáningarfrelsis í landinu. Það gerðist með einu pennastríki hjá Kristjáni VII, 14. september 1770, undir sterkum áhrifun Johanns Friedrich Struensee, líflæknis og eljara konungs. Þá var ritskoðun lögð af en fram að því birtist ekkert í konungsdæminu án þess að það væri lesið yfir. En þetta var

skammvinnt ástand og þegar Struensee var allur þremur árum seinna reyndu íhaldsöfl að færa allt í sama horf. Það gekk ekki með öllu og ritskoðun sem slík var aldrei aftur endurreist. Það var hins vegar ekki fyrr en með stjórnarskránni 1849 (Grundloven) sem sömu réttindi fengust aftur. Danskir fjölmiðlar halda

þessum arfi á lofti og umræða um tjáningarfrelsi er sterk meðal danskra fjölmiðlamanna og þeir telja sér til tekna að láta reyna á þanþol umræðunnar.

Jótlandspósturinn

Í ár eru 15 ár síðan danska dagblaðið Jótlandspósturinn (Jyllands-Posten)



Mikill fjöldi syrgði og minntist Samuel Paty, kennarann sem myrtur var í Frakklandi um miðjan október, í minningarathöfnum sem haldnar voru í París. (Mynd: Sada El Balad)

birti tólf teikningar af Múhameð spámanni. Tiltækið vakti hörð viðbrögð múslima um allan heim og deilur meðal fjölmiðlamanna og nánast allra þeirra sem láta sig tjáningarfrelsi varða. Þessi umræða gengur í endurnýjun lífdaga með reglulegu millibili. Nú síðast á þessu ári þegar réttað var yfir árásmönnum 15 sem myrtu hóp manna á skrifstofum franska háðrítins Charlie Hebdo fyrir fimm árum. Á meðan á málaferlunum stendur hefur riðið yfir ný ofbeldisalda í Frakklandi, sem setur tjáningarfrelsi enn á ný í kastljósið. Tveir fjölmiðlamenn voru myrtir í september fyrir utan fyrrum skrifstofur Charlie Hebdo af islömskum öfgamönnum. Morðið á franska kennaranum Samuel Paty föstudaginn 16. október í úthverfi Parísar, í kjölfar þess að hann gerði teikningar Charlie Hebdo að umtalsefni í kennslustund, sló borgar-búa síðan endanlega út af laginu og minnti á atburðina fimm árum áður. Frönsk yfirlöng hafa brugðist hart við og ritstjórn Charlie Hebdo heldur sínu striki og hélt áfram að sjokkera umheiminn með því að birta skopmynd af Recep Tayyip Erdogan, forseta Tyrklands, á forsíðu tímarítisins. Erdogan svaraði með því að hótta bæði lögsókn og stjórn málaegum aðgerðum og margir stjórn mála-leiðtogar í hinum íslamska heimi hafa haft í hótunum við frönsk stjórnvöld og franskar vörur hafa verið teknar úr verslunum. Ekki voru allir sáttir við tímaritið og þótti það hella olú á eldinn. Franskt samfélag hefur fyrir vikið verið í eldlínu menningarlegra átaka.

Endurteknar móðganir

Meðal danskra fjölmiðlamanna hefur mál Jótlandspóstisins verið fyrirferðarmikið enda einstakt að danskir blaðamenn og skopmyndateiknarar þurfi að þola morðhótanir og lögregluvernd svo árum skiptir. Á sínum tíma sýndi ritstjórn Charlie Hebdo samstöðu með Jótlandspóstinum og birti Múhameðsteikningarnar, umdeild aðgerð eins og allt sem skopritið gerir. Jótlandspósturinn hefur öðru hverju endurbirt teikningarnar og skoðannakannanir sýna að danskur almenningur styður



Auglýsingin sem rætt var um að birta í Danmörku en hætt var við að birta.

þá ákvörðun, þó ekki einróma. Í samfélagi múslima í Danmörku er hins vegar mikil andstaða við það og reiði, rétt eins og hefur verið meðal múslima í Frakklandi vegna skopteikninga Charlie Hebdo.

Þannig er tjáningarfrelsisboltanum stöðugt kastað á milli landa og í Danmörku hefur stjórn mála flokkurinn Nye Borgerlige, sem er með fjóra þingmenn, óskað eftir því að fá að birta auglýsingar vegna dauða Samuel Paty þar sem minnt er á að „tjáningarfrelsið sé okkar vopn.“ Í auglýsingunum eru Múhameðsmyndirnar endurbirtar og slagorðið „Styðjið Samuel Paty – berjst fyrir frelsinu“ (Stött Samuel Paty – kjemp for friheten) fylgir með. Viðbrögð margra danskra fjölmiðla hafa verið varfærin en sumir hafa viljað birta þær, þó ekki Jótlandspósturinn og Extrablaðið sem hingað til hafa gengið harðast fram í þessum birtingum. Þeim er vorkunn, en í gegnum tíðina hefur fjórum sinnum verið gerð tilraun til að ráðast á skrifstofur þeirra. Berlingske, BT og Weekendavisen, sem öll eru í eigu sömu samstæð-

unnar, voru hins vegar búin að ákveða að birta auglýsinguna en það féll um sjálft sig því Nye Borgerlige fékk ekki leyfi til að birta teikningarnar. Öryggis-yfirlöng í Danmörku hafa lagst gegn því og talið þetta ögrandi framferði á viðkvæmum tímum.

Ekki að verja guðlastið heldur frelsið

En segja má að kjarni þessa máls sé samspil tjáningarfrelsis og fjölmiðla sem birtist með skýrum hætti í yfirlýsingu fjölmargra frönskumælandi fjölmiðla frá 22. september síðastliðnum: „Lögin í landi okkar kveðja á um að okkur sé öllum heimilt að tala, skrifa og teikna innan víðari ramma en finnst víða annars staðar í heiminum. Það er því ykkar að nýta hann. Já, þið hafið fullan rétt til að tjá skoðanir ykkar og gagnrýna skoðanir annarra, hvort sem þær eru pólitískar, heimspeki- legar eða trúarlegar, svo fremi sem þær eru innan ramma laganna. Rifjum það upp hér, til að sýna Charlie Hebdo samstöðu, en frelsi þess blaðs hefur kostað starfsfólk þess lífið, að það eru engin viðurlög við guðlasti í Frakklandi. Sum okkar eru trúuð og því er skiljanlegt að þeim sárni guðlast. Samt styðja þau hiklaust þetta framtak okkar. Það er vegna þess að með því að verja frelsið til að guðlasta erum við ekki að verja guðlastið heldur frelsið.“*

En þó flestir geti tekið undir þessi orð um mikilvægi tjáningarfrelsisins ríkir alls ekki einhugur um það þegar því er beitt eins og í tilviki Jótlandspóstisins og Charlie Hebdo. Eins og áður segir hafa blöðin verið gagnrýnd fyrir tillitsleysi og sumir segja að þetta sé annar angi hatursumræðu. Þannig skrifaði Hjalti Hugason, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, harða gagnrýni gegn þessum skrifum árið 2012 og taldi að tjáningarfrelsi næði ekki til málflutnings eins og þess er birtist í Jótlandspóstinum. Aðeins væri verið að kalla fram fyrisjáanleg og alþekkt viðbrögð. „Með Múhameðsteikningum og þeim viðbrögðum sem þær vekja er raunar aðeins ýtt undir öfgaöfl innan íslam,“ skrifaði Hjalti. Þannig telur hann það skipta

minna máli að tjáningarfrelsi snúist meðal annars um að raska, hneyksla og ganga gegn því venjubundna eins og við vorum minnt svo eftirminnilega á í niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorgeirs Þorgeirsonar sem féll 1992.

Purusteik

Hugsanlega eru þessi sjónarmið ósættanleg, einfaldlega vegna þess að afmörkun hatursglæpa býður upp á nokkuð víðtæka skilgreiningu. Þessi menningarmunur verður hins vegar alltaf til umræðu og fróðlegt var að sjá hann gerðan að umfjöllunarefni í nýlegri danskri sjónvarpsmynd sem Ríkissjónvarpið sýnir á þriðjudagskvöldum, þegar rykið sest (Nár stövet har lagt sig). Þar hafði hryðjuverk átt sér stað á veitingastaðinu Svininu og eigandanum sagt að hugsanlega gæti nafngiftin haft eitthvað með það að gera að árásin var gerð þar. Hann undi því illa og ákvað að bjóða upp á purusteik (fleskesteg) úr söluvagni við minningarathöfn um fórnarlömb árásrinnar. Umhyggjusamur vegfarandi spurði auðvitað hvort það væri ráðlegt. Veitingamaðurinn, sem var af grænenskum uppruna, spyr á móti: „Búum við ekki í Danmörku?“

Tjáningarfrelsi og trúin

Borgar Þór Einarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, benti á það nýlega í grein á Deigluinni að þessi átök milli tjáningarfrelsis og trúar ættu sér sögu allt aftur til ársins 1989 þegar íslamska klerkastjórnin í Íran gaf út tilskipun (fatwa) til allra sanntúaðra múslima um að breski rithöfundurinn Salman Rushdie skyldi drepinn fyrir guðlast. Rushdie hafði árið áður gefið út bókina Söngvar satans. Þá voru Vesturlönd minnt rækilega á þann menningarmun sem var á milli

vestræns tjáningarfrelsis og þeirra harðlínustefnu sem klerkastjórnin tók upp í trúmálum. Að mati Ruhollah Khomeini, æðsta klerks byltingarstjórnarinnar í Íran, fól bókin í sér siðlausa og móðgandi umfjöllun um Múhamed spámann og eiginkonur hans. Jafnframt taldi Khomeini að bókin rangtúlkaði og afbakaði boðskap Kóransins. Hæfileg refsing fyrir slíkt guðlast væri dauðadómur og skyldi honum framfylgt þar sem til Rushdie næðist. Höfundurinn fór huldu höfði í framhaldinu og flestum stóð ógn af þessu framferði. Margir veigruðu sér fyrir vikið við að gefa út bókina enda fylgdu því ógnanir og hótanir. Árið 2012 sagði Salman Rushdie í viðtali við breska ríkisútvarpið BBC að bókin myndi ekki vera gefin út nú á tímum vegna andrúmslofts „ótta og taugaveiklunar“. Það lýsir ágætlega ástandinu í þeim löndum sem láta reyna á tjáningarfrelsið í samskiptum við þá menningarstjórn sem nú hefur borist til Vesturlanda.

-SMJ

*Undir þetta skrifuðu: 20 Minutes, Actu.fr, Alliance de la presse d'information générale, Alternatives Economiques, Arte France, BFMTV, Canal+, Causeur, CB News, Centre presse, Challenges, Charlie Hebdo, Cnews, Courrier International, Elle, Europe1, France Médias Monde, France Télévisions, Gala, GQ, Konbini News, L'Alsace, L'Angérien Libre, L'Avenir de l'Artois, L'Echo de l'Ouest, L'Echo de la Lys, L'Equipe, L'Essor Savoyard, L'Est-Eclair, L'Est républicain, L'Express, L'Hebdo de Charente-Maritime, L'Humanité, L'Humanité Dimanche, L'indicateur des Flandres, L'informateur Corse nouvelle, L'Obs, L'Opinion, L'Union,

La Charente Libre, La Croix, La Dépêche du Midi, La Marseillaise, La Nouvelle République, La Renaissance du Loir-et-Cher, La Renaissance Lochoise, La Savoie, La Semaine dans le Boulonnais, La Tribune, La Tribune Républicaine, La Vie, La Vie Corrézienne, La Voix du Nord, Le Bien public, Le Canard Enchaîné, Le Courrier français, Le Courrier de Gironde, Le Courrier de Guadeloupe, Le Courrier de l'Ouest, Le Courrier Picard, Le Dauphiné libéré, Le Figaro, Le Figaro Magazine, Le HuffPost, Le Journal d'Ici, Le Journal des Flandres, Le Journal du Dimanche, Le Journal du Médoc, Le Journal de Montreuil, Le Journal de Saône-et-Loire, Le Maine Libre, Le Messenger, Le Monde, Le Parisien / Aujourd'hui en France, Le Parisien Week-end, Le Pays Gessien, Le Phare Dunkerquois, Le Point, Le Progrès, Le Républicain Lorrain, Le Réveil de Berck, Le Semeur hebdo, Le Télégramme, Les Dernières Nouvelles d'Alsace, Les Echos, Les Echos du Touquet, Les Inrockuptibles, LCI, Libération, Libération Champagne, M6, Madame Figaro, Marianne, Marie Claire, Mediapart, Midi Libre, Monaco Matin, Nice Matin, Nord Eclair, Nord Littoral, NRJ Group, Ouest France, Paris Match, Paris Normandie, Play Bac Presse, Presse Océan, Radio Classique, Radio France, RMC, RTL, Society, Stratégies, Sud Ouest, Sud Radio, Syndicat des Editeurs de la Presse Magazine, TF1, Télérama, Valeurs actuelles, Vanity Fair, Var Matin, Vosges Matin.

(Hér er stuðst við þýðingu sem Friðrik Rafnsson þýðandi birti á Facebook-síðu sinni.)





Skotið milli gestahúss, saunahúss og aðalhúss sem verður yfirbyggt næsta vor til að mynda skjól fyrir veðri og vindum.

Myndir: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Gesta- og saunahús og geymsla í Stóru-Brekku

Framkvæmdir hafa staðið yfir við endurnýjun á gestahúsi í Stóru-Brekku, en húsið skemmdist í vatnstjóni fyrir nokkrum árum. Framkvæmdum við gestahúsið lauk fyrir nokkru og hafa breytingarnar og endurbæturnar mælst mjög vel fyrir. Gestahúsið er með eldhúskrók og sérbaði og þar geta fjórir sofið, tveir í hjónarúmi og tveir í svefnstofu í stofu.

Þá er einnig verið að smíða saunahús og geymslu í Stóru-Brekku og var húsið flutt á staðinn í síðustu viku október. Saunahúsið er tvískipt. Annars vegar er infrarauður saunaklefi með sturtu og búningsaðstöðu og hins vegar geymsla fyrir grill og sumarhúsgögn og slíka hluti. Unnið er

að því að ganga frá pallinum fyrir framan húsið og standa vonir til þess að framkvæmdir við það klárast fyrir lok nóvember og þá verði saunahúsið tekið í notkun.

Síðan á að loka skotinu milli aðalhússins og geymslunnar og mynda þannig skjól fyrir norðan- og austanáttum. Skotið verður yfirbyggt þannig að þar verður einnig skjól fyrir regni og hægt að grilla úti þó einhver úrkoma sé. Ætlunin er að ljúka framkvæmdum við pallinn næsta vor, þannig að hægt sé að nýta aðstöðuna næsta sumar.

HJ



Saunahúsið var flutt á staðinn fullbúið og híft á sinn stað í lok október.



Badherbergið í gestahúsinu.



Infrarauði saunaklefinn. Hiti frá infrarauðum geilsum er sagður ná sérlega vel og djúpt inn í vöðvana.



Séð inn í hjónaherbergið í gestahúsinu.



Horft til Stóru-Brekku.



Horft inn í eldhús og stofu í gestahúsi.

„Ný kynslóð taki við merkinu“

Aðalfundur Bláðamannafélagsins fyrir árið 2019, sem frestað var í vor vegna Covid-19, var haldinn 29. október sl. á Grand hótél í Reykjavík. Fundurinn var færður vegna sóttvarnareglna úr húsakynnum BÍ í Síðumúla þar sem áætlað hafði verið að halda hann.



Hjálmar Jónsson formaður á aðalfundi BÍ og Sunna Kristín Hilmarsdóttir fundarritari.

Það bar til tíðinda á aðalfundinum að Hjálmar Jónsson, formaður, tilkynnti að þetta yrði hans síðsta kjörtímabil sem formaður, og að hann myndi ekki gefa kost á sér á næsta aðalfundi. Kosið er árlega um embætti formanns og hefur Hjálmar verið formaður síðan

2010 en var þar áður framkvæmdastjóri og þar áður hafði hann verið formaður um fimm ára skeið. Hann hefur því verið í forustu félagsins um langt árabíll, en fram kom hjá honum að hann væri ekki að „hlaupa frá þessu verkefni“ og hefði hug á að

starfa áfram sem framkvæmdastjóri fengi hann stuðning til þess frá stjórn þegar þar að kæmi. Hjálmar sagði í skýrslu sinni: „Næsta vor verða ellefu ár síðan ég taldi nauðsynlegt að bjóða mig fram til formennsku í Bláðamannafélaginu á nýjan leik, verandi



Sóttvarnir kröfðust fjarlægðar milli manna á fundinum og uppfyllti salurinn á Grand hótél slíkar kröfur.

framkvæmdastjóri þess. Ég tel að reynslan hafi sýnt að það mat mitt hafi verið rétt. Þetta hefur verið góður tími og mikilvægur árangur náðst. Ég er stoltur af því sem við höfum gert á liðnum árum, en hættu skal leik þá hæst hann stendur. Ég yngist ekki og það er tímabært að ný kynslóð taki við merkinu.“

Verfall og Covid

Í skýrslu formanns kom fram að hann teldi að verkfallsaðgerðir og Covid faraldurinn hafi verið það sem setti mest mark sitt á starfsemi félagsins undanfarin misseri. Hann sagði m.a. um verkfallsaðgerðirnar sem voru þær fyrstu hjá félaginu í 40 ár: „Verkfallsaðgerðirnar voru nauðsynlegar en erfiðar. Þegar upp er staðið voru þær líka árangursríkar á fleiri vegu en einn, stéttin sýndi samstöðu og styrk þrátt fyrir mjög erfitt rekstrarumhverfi fjölmiðla. Stéttarfélag er verkfæri og hættan er sú að verkfæri sem ekki er notað gangi úr sér og verði ónothæft.“ Hann sagðist meta það svo að náðst hafi fram mikilvæg atriði í kjarasamningunum auk þess sem sýnt hafi verið fram á samstöðu stéttarinnar þvert á fjölmiðla, þrátt fyrir

erfitt rekstrarumhverfi hjá miðlunum og „ótrúlegan ódrengskap“ sem félagsmönnum hafi verið sýndur í átökunum.

Um Covid sagði Hjálmar m.a. að enginn hafi séð fyrir hversu afdrifaríkt veirusmitið getur verið fyrir heimsbyggðina. „Kjarni málsins er auðvitað sá,“ sagði Hjálmar, „að faraldurinn sýnir hversu háð við erum hvert öðru þegar allt kemur til alls og að margir hlutir sem maður hefur gengið að sem sjálfsögðum hlut í daglegu lífi eru alls ekki sjálfsgöðir!“

Sjúkradagpeningar

Hjálmar vék síðan í skýrslu sinni að framtíðinni og taldi mikilvægt að hafa rekstur félagsins sem hagkvæmasta í hvívetna. Í þeim efnum nefndi hann sérstaklega tvö verkefni sem félagið muni þurfa að takast á við, annars vegar orlofshúsamálin og hins vegar útgjöld vegna sjúkradagpeninga. Sjúkradagpeningaútgjöld hafa verið mikil síðustu tvö ár en virðast ætla að verða minni í ár. Hins vegar þarf að mati formannsins að taka afstöðu til þess hvort grípa eigi til einhverra sérstakra ráðstafana til að draga úr þessum útgjaldalið, líkt og mörg

önnur félög hafa gert, eða hvort menn finna aðrar leiðir til að tryggja rekstur styrktarsjóðs til lengri tíma.

Orlofsmál

Varðandi orlofshúsamálin benti Hjálmar á að hús félagsins í Brekkuskógi væru orðin um 40 ára gömul og væru um margt börn síns tíma. Þau væru bæði lítil og byggð á stólpum en ekki steiptum grunni, og þrátt fyrir talsverðar umbætur á umliðnum árum þyrfti að fara að huga að endurnýjun. Hann benti á að skynsamlegt væri fyrir lítið félag að huga í tíma að þessum hlutum því mikilvægt væri að byggja, kaupa og endurnýja fyrir eigið fé lík og gert hafi verið hingað til.

Talsverðar breytingar urðu á stjórn og varastjórn félagsins og komu alls fimm nýir inn í þessar stjórnir. Nýir inn í aðalstjórn komu Aðalsteinn Kjartansson, RÚV; Einar Þór Sigurðsson, Fbl.; og Þorsteinn Kr. Ásgrímsson, Mbl. Inn í varastjórn komu svo þau Frosti Logason, Sýn og Bára Huld Beck, Kjarnanum.

Hvað gerir íþróttافرéttamaður sem missir starfið eftir aldarfjórðungsstarf?

Eigin herra í heimi handboltans

Ívari Benediktssyni íþróttافرéttamanni var sagt upp á **Morgunblaðinu** í lok nóvember fyrir ári. Sem gefur að skilja hafði það í för með sér mikla breytingu á högum Ívars enda hafði hann starfað sem blaðamaður á íþróttadeild Morgunblaðsins og **mbl.is** frá árinu 1995 til ársins 2019 eða í tæpan aldarfjórðung. Þetta var skemmtilegt en erilsamt starf. Á þeim tíma sótti hann nærri þrjú tugi stórmóta erlendis í íþróttum, þar af hátt í 20 stórmót með landsliðum Íslands í handknattleik. Ívar var meðal annars blaðamaður Morgunblaðsins á Ólympíuleiknum í Sydney árið 2000 og um langt árabil hægri hönd fréttastjóra íþróttadeildar Morgunblaðsins. Starfsferill hans er samofinn íþróttum og því mikil breyting að vera allt í einu tekinn út úr því daglega ati sem fylgir því að starfa á fjölmennri ritstjórn.

Ívar segir að fyrst hafi blasað við að reyna að finna nýtt starf og hann sótti víða um vinnu við eitt og annað. Án árangurs. „Meðan ég mældi göt-urnar nefndi einstaka maður við mig hvort það væri ekki kjörið fyrir mig að fara út í að skrifa bara sjálfur á eigin vef um handbolta þar sem ég hefði drjúgan áhuga fyrir handknattleik. Vefur sem fjallaði um handbolta væri nokkuð sem vantaði. Þótt menn teldu að þetta vantaði var þeim ekki eins ljóst hvort rekstrargrundvöllur væri fyrir hendi.

Þegar allt benti til að hvergi væri laust starf fyrir mig á íslenskum

atvinnumarkaði fór ég velta handboltavefnum meira og meira fyrir mér. Gæti ég skapað sjálfum mér starf við það sem mig langaði vinna við og um leið borgað sjálfum mér sem nemur atvinnuleysisbótum í laun ef vel gengi í stað þess að fá þær greiddar frá ríkinu?“

Starfsáætlunin skrifuð á Ströndunum

Án þess að ofhuga málin ákvað Ívar að láta slag standa og naut þar fullkomins stuðnings sambýliskonu sinnar, Kristínar B. Reynisdóttur, sjúkráþjálfara.

„Ég fór á fullt við að koma hugmynd minni á koppinn. Skrifaði niður starfsáætlun sem ég vann skipulega eftir milli þess sem ég naut lífsins á sveitasetri mínum á Gjögri í Árnes-hreppi á Ströndum meðan flestir töldu mig vera í fullkomnu aðgerðaleysi.“

Að mörgu var að hyggja. Ívar hafði

samband við og samdi við vefhönnuð, vann að útliti og efnisflokkum, leitaði uppi lén og keypti, stofnaði fyrirtæki, gekk frá öllum skráningum, samdi við erlendan myndabanka, reyndi að heilla auglýsendur (án árangurs!), leitaði ráðlegginga hjá vinum og kunningjum. Og margt fleira.

Ívar segist hafa sett sér það takmark að opna vefinn í byrjun september, áður en handboltatímabilið hæfist hér heima. Allt tókst þetta á örfáum vikum. Fullskapaður vefur, **Handbolti.is**, fór í loftið eins og stefnt var að fimmtudaginn 3. september klukkan sjö að morgni, fullskrifaður með á milli 50 og 60 greinum. Vefurinn vakti mikla ánægju meðal handboltaunnenda enda stórjókst fréttaumfjöllun um þessa þjóðaríþrótt okkar Íslendinga. Óhætt er að segja að þeir sem skoðuðu vefinn hafi undrast hve ríkulega og víðfeðma umfjöllun er þar að finna.



Handbolti.is fór í loftið í byrjun september og hefur fengið góðar viðtökur meðal handboltaunnenda.



Ívar Benediktsson íþróttafréttarmaður hefur farið á hátt í 20 stórmót með landsliðum Íslands í handknattleik.

Parf ástríðu og útsjónarsemi

Um leið sagði Ívar upp „störfum“ hjá Vinnumálastofnun eða atvinnuleysis-tryggingasjóði með góðri samvisku þegar leið á sumarið. Nú var hann orðinn eigin herra. Íþróttir eru og hafa verið hans ær og kýr og sem barn og unglingur stundaði hann handknattleik með Aftureldingu í Mosfellsbæ og sat síðar um árabíl í stjórn handknattleiksdeildar Aftureldingar. Óhætt er að segja að hann þekki íþróttina út og inn. Bládamadurinn beindi nokkrum spurningum til Ívars:

Horfir þú á einhverja fyrirmynd?

„Helsta fyrirmyndin er fótbolti.net sem Hafliði Breiðfjörð hefur rekið af ástríðu, útsjónarsemi og dugnaði í nærri tvo áratugi.“

Þú hefur væntanlega metið það svo að það væri rekstrargrundvöllur fyrir slíku, eða í það minnsta tilraunarinnar virði?

„Eigum við ekki að segja að ég telji það vera tilraunarinnar virði að reyna þetta. Það kemur í ljós þegar á líður hvort rekstrargrundvöllur sé fyrir

hendi. Ef ekki þá verð ég alltént reynslunni ríkari.“

Er alger forsenda fyrir áframhaldi rekstri af þessu tagi að ná áskrifendum?

„Forsenda fyrir rekstrinum er að vera með vef sem fólk hefur áhuga á að lesa. Án lesenda verða ekki til tekjur, hvorki af auglýsingum né áskriftum.“

Skemmtilegt og gefandi

Telur þú að það séu tækifæri fyrir blaðamenn að þróa sérhæfða vefi og búa sér til eigin starfsgrundvöll?

„Ég tel það vera hafi menn ástríðu fyrir því sem þeir taka sér fyrir hendur, eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu og um leið að sníða sér stakk eftir vexti. Þetta er ekki allt auðvelt eða einfalt en getur hins vegar verið bæði skemmtilegt og gefandi. Það gefur lítið í aðra hönd að sitja gapandi á kaffihúsum eða á knæpum daginn út og inn.“

Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart í ferlinu eins og það liggur fyrir núna?

„Fyrst og fremst viðtökurnar. Þær hafa komið mér á óvart og verið framar vonum. Svo má kannski segja að ferlið við að gera þetta verkefni að veruleika hafi verið einfaldara en ég reiknaði með.“

Stoppið á íþróttum vegna faraldursins – það hefur væntanlega áhrif á þig eins og aðra?

„Kórónuveirufaraldurinn hefur fyrst og fremst haft þau áhrif að ég hef hitt færri en ef flest væri með felldu. Vafalaust hafa viðfangsefni að einhverju leyti verið önnur. Lesendur biða hins vegar eftir sem áður eftir nýju lesefni og fréttum. Ég hef nóg að gera alla daga vikunnar frá því snemma á morgnana og þangað til seint á kvöldin við að leita að og skrifa fréttir og freista þess um leið að afla handbolta. is tekna. Það er ekkert öðruvísi en væri hér allt með felldu.“

SMJ

Brátt verða 23 ár síðan Magnús Magnússon hóf útgáfu Skessuhornsins á Vesturlandi:

„Mikilvægi landshlutablaða er ótvírætt“

Magnús Magnússon stofnaði héraðsfréttablaðið Skessuhorn ásamt Gísla Einarssyni, dagskrárgerðarmanni á RÚV, í ársbyrjun 1998 og því verða brátt komin 23 ár síðan hann hóf þennan rekstur.

Að margra mati hefur Skessuhornið staðið betur af sér umbyltingar og rekstrarerfiðleika héraðsfréttablaðanna og stendur útgáfan nokkuð traustum fótum á Vesturlandi en það þjónustar það sem kalla má gamla Vesturlandskjördæmið, allt frá Akranesi upp í Búðardal – reyndar alveg inn á Reykhóla – og út á Snæfellsnesið.

Núverandi útgáfufélag tók við rekstrinum 2003. Að sögn Magnúsar hefur frá upphafi verið lögð áhersla á að skrifa fréttir um og fyrir íbúa á Vesturlandi. Kjörorð og ritstjórnarstefna er að skrifa það sem íbúar „vilja“ og „þurfa“ að vita segir Magnús. Blaðið Skessuhorn hefur góða dreifingu á öllu Vesturlandi, er eitt útbreiddasta héraðsfréttablað landsins og jafnframt það stærsta. Auk útgáfu héraðsfréttablaðs er umsjón með síkvikum og fræðandi miðli á netinu, www.skessuhorn.is önnur aðalstarfsemi fyrirtækisins. Hjá Skessuhorni ehf. starfa í dag sjö

starfsmenn í föstu starfi auk sjálfstætt starfandi blaðamanna, umbrotsfólks og fjölda blaðburðarbarna, fréttaritara og ljósmyndara um allt Vesturland.

Blaðarekstur lá ekki beint við í upphafi starfsferils Magnúsar en hann hafði áður verið búinn að afla sér menntunar í búfræði og síðan viðskiptafræði og var starfandi atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi þegar þeir Gísli hófu umræðu um stofnun héraðsfréttablaðs. Að tveimur árum undanskildum hef hann starfað við fjölmiðlarekstur síðan.

Staða landsbyggðarblaða breyst

Magnús segir að staða landsbyggðarblaða hér á landi hafi breyst mjög á síðasta áratug. Blöðum sem gefin voru út af sjálfstæðum útgefendum, án breiðrar eignaraðildar, hafi fækkað. Má nefna Bæjarins besta á Ísafirði, Sunnlenska fréttablaðið og Stykkishólmspóstinn sem dæmi. „Okkur, þessum einyrkjum sem berum

fjárhagslega og ritstjórnarlega ábyrgð, hefur því fækkað og erum í dag teljandi á fingrum annarrar handar þeir gömlu kverúlantar. Nokkur blöð eru þó enn gefin út í skjóli vel stæðra bakhjarla sem borga það sem upp á vantar ef reksturinn er ekki að gera sig. Um leið eru slík blöð með daufan hlutleysisstimpil.“

Magnús segir að stefna hans með útgáfu Skessuhorns hafi alla tíð verið að reyna að viðhalda hlutleysinu á þann hátt að lesendur geti treyst því að þeirra miðlar séu ekki skrifaðir með hagsmuni annarra í huga en lesendanna sjálfra, íbúanna á svæðinu.

„Að mynda traust milli útgáfu og áskrifenda er þannig lykill að því að útgáfan er ennþá til. Þar við bætist að ef lesendur treysta miðlinum sem fréttamiðli, koma auglýsingar einnig. Okkar rekstur byggist því upp á hófstilltu áskriftarverði og auglýsingasölu, sem greiðir eitt til tvö stöðugildi. Með þessu móti náum við að hafa 6 til 7 starfsmenn í fullu starfi auk fréttarit-

ara, blaðburðarfólks og annarra. Landsbyggðarblöð glíma svo við nákvæmlega sömu samkeppnisstöðu og aðrir einkareknir miðlar hér á landi; auglýsingakaup eru að færast yfir til erlendra efnisveitna og samfélagsmiðla.“

Ógnarstaða ríkismiðilsins

Ríkisvaldið hefur brugðist hvað það varðar að skattleggja þá starfsemi með sama hætti og innlendir miðlar eru skattlagðir. Ofan á það ástand bætist svo ógnarstaða ríkismiðilsins, sem fær fimm milljarða forskot á alla sína samkeppnisaðila. Staðan er því skökk og því fækkar fjölmiðlum og um leið blaðamönnum sem þjóðin hefur aldrei meira en nú þurft að geta treyst til góðra verka. Fjölmiðlafrumvarp Lilju D. Alfreðsdóttur var ljós í myrkri svartnættis einkarekinna fjölmiðla þegar það var kynnt fyrir tveimur árum. Ég er afar spenntur að vita hvort hún nái frumvarpinu í gegn á þessu þingi. Ég óttast þó mjög að hagsmunaöfl sem eiga jafnvel málsvara í sömu ríkisstjórn muni gera það mál að engu. Ef frumvarp menntamálaráðherra verður samþykkt, er ég bjarsýnn á að landshlutablöð verði áfram til, því þótt við séum ekki að fá neinn ógnarstuðning, munar um þessar krónur. Við útgefendurnir erum nefnilega löngu búnir að læra að fara vel með þær krónur sem aflast,“ segir Magnús.

Mikilvægi héraðsfréttablaða í nærumhverfinu, hafa menn almennilegan skilning á því?

„Mikilvægi landshlutablaða er ótvírátt. Það er fólk almennt sammála um. Til marks um það lifir okkar fjölmiðill eingöngu vegna þátttöku almennings. Án áskriftartekna væri hvorki blaði né vef haldið úti hér á Vesturlandi. Fjölmiðill sem okkar er þessi samfélagsrýnir sem opnar fyrir umræðu, veitir aðhald, miðlar fróðleik og býður afþreyingu. Auk þess veitir miðillinn fréttir út úr landshlutanum, fóðrar landsþekjandi miðla á fréttum en færir einnig fréttir af landsmálunum inn til íbúa.“



Magnús Magnússon: „Að mynda traust milli útgáfu og áskrifenda er þannig lykillinn að því að útgáfan er ennþá til.“

Stuðningur og áskoranir

Nú reyndust héraðsfréttablað nánast utangarðs í stuðningsaðgerðum stjórnvalda, voru það vonbrigði?

„Við lentum ekki utangarðs í Covid stuðningi stjórnvalda. Skessuhorn fékk sem nemur tæpum 2% stuðningspakkans og yrði ég síðastur allra til að vanþakka það. Vissulega var hér um einskíptisaðgerð að ræða, í skjóli Covid kreppu, en úthlutunin byggði á svipuðum reglum og koma fram í drögum að fjölmiðlafrumvarpi Lilju D. Alfreðsdóttur. Risastóra spurningin er því enn og aftur hvort frumvarpið verði samþykkt í lítið breyttri mynd eða verði látið sofna ofan í skúffu.“

En rekstri héraðsfréttablaða fylgja eilífar áskoranir. Magnús bendir á að því miður sé blaðamennska lágláunastarf og í raun sé það stærsta vandamálið. „Á þeim töxtum sem blaða-

menn vinna eftir, er erfitt að fá hæfileikaríkt fólk til að stoppa lengi við. Launin eru ekki samkeppnisfær. Ég hef stundum sagt það í gríni að við séum því útungunarstöð fyrir verðandi blaðamenn. Hingað hefur í gegnum tíðina ráðist ungt og hæfileikaríkt fólk til starfa sem fetað hefur sín fyrstu spor í blaðamennsku. Hefur síðan ýmist ráðið sig til starfa á öðrum fjölmiðlum sem gátu borgað yfir taxa, tekið að sér PR störf og er nú víða að finna í þjóðfélaginu. Ég nefni af handahófi þau Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur, Gísli Einarsson, Kolbein Óttarsson Proppé, Samúel Karl Ólason, Hjörtur J. Hjartarson, Áslaugu K. Jóhannsdóttur, Rögnvald M. Helgason, Kristján Gauta Karlsson, Heiðar Lind Hansson og fleiri. Allt góðir og gegnir þegar sem gaman hefur verið að starfa með.“

SMJ

Alvararlegt brot hjá Fótbolta.net

Úrskurður í máli nr. 9/2019-2020

Kærandi: Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir.

Kærðu: Hafliði Breiðfjörð, persónulega og fyrir hönd miðilsins Fótbolti.net, Magnús Már Einarsson og Elvar Geir Magnússon, ritstjórar.

Kæruefni: Umfjöllun og nafn- og myndbirting Fótbolta.net um kæranda hinn 25. júní 2020 og síðar.

Málsmeðferð

Málið var kært til Siðanefndar með bréfi Heiðars Ásbergs Atlasonar, hrl., fyrir hönd kæranda, dags. 14. júlí 2020. Leitað var andsvara kærðu og bærust þau með bréfi Einars Páls Tamimi, hrl., fyrir hönd kærðu, dags. 20. ágúst 2020. Siðanefnd ræddi málið á fundum sínum 25. ágúst og 14. september 2020.

Málavextir

Kærandi er leikmaður meistaraflokks Breiðabliks í knattspyrnu kvenna. Hún kom heim frá Bandaríkjunum 17. júní

2020 og spilaði leik með liðinu í úrvalsdeild daginn eftir og síðan annan 23. júní. Eftir síðari leikinn kom í ljós að kærandi var greind með Covid-19 smit en hún var einkennalaus við komuna til landsins. 25. júní var frá því greint í hinum kærða netmiðli að leikmaður Breiðabliks hefði greinst með smit og að Íslandsmótið væri í uppnámi af þeim sökum enda þyrftu leikmenn að fara í sóttkví. Var kærandi nafngreind í fréttinni og af henni birt mynd. Þá var hún áfram nafngreind og af henni birtar frekari myndir í netmiðlinum við síðari umfjöllun um málið.

Kvartað var til kærðu fyrir hönd kæranda sama dag og fréttin birtist og þess krafist að nafn hennar og mynd yrðu strax afmáð úr fréttinni. Ekki var orðið við því af hálfu kærðu.

Umfjöllun

Í andsvörum kærðu er á því byggt að þeir hafi ekki brotið gegn siðareglum en auk þess er frá því greint að þeir

telji að vísa eigi kærurni frá Siðanefnd á grundvelli löggjöfnunar frá 1. mgr. 6. gr. siðareglna vegna þess að kærandi hafi einnig kært birtinguna til Persónuverndar. Í tilvitnaðri grein siðareglna er kveðið á um að unnt sé að kæra meint brot á siðareglum til Siðanefndar innan tveggja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Siðanefnd fellst ekki á að kæra til Persónuverndar sé eðlislík og samkynja rekstri máls fyrir almennum dómstólum enda er Persónuvernd stjórnvald og framkvæmdavaldhafi. Frávísun kærunnar á þessum grundvelli er því hafnað.

Siðanefnd telur meginatriði málsins vera að nafn kæranda var birt í heimildarleysi ásamt mynd af henni í tengslum við frétt af sýkingu leikmanns í úrvaldsdeild kvenna í knattspyrnu af Covid-19 veiru og frá því greint að hún hafi verið sú smitaða. Á þeim tíma hafði fyrsta bylgja faraldurs vegna veirunnar

SIÐANEFNDAR

gegnið yfir hérlendis og ekkert smit greinst í nokkurn tíma og knattspyrnu-kappleikir því heimilaðir á nýjan leik. Megininntak fréttarinnar var að Íslandsmótið í knattspyrnu kynni að vera í uppnámi vegna þessa. Ekki verður séð að sérstaka nauðsyn hafi borið til að upplýsa um nafn kæranda og birta mynd af henni í tengslum við frétttaflutninginn. Samkvæmt 4. gr. siðareglna skulu blaðamenn hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannheill krefst nafnbirtingar. Mál er varða heimildarlausu nafn- og myndbirtingu hafa áður verið til úrlausnar hjá Siðanefnd. Í máli nr. 1/2005-2006 taldi Siðanefnd nafn og myndbirtingu fela í sér alvarlegt brot með þeim rökum að málavextir bentu ekki til að nauðsyn hafi borið til að almenningur hefði vitneskju um hver

sýni fyllstu tillitssemi í vandasömum málum og skuli forðast allt það, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka og vanvirðu, er það álit Siðanefndar að kærðu hafi brotið gegn siðareglunum. Í því sambandi vísar Siðanefnd einnig til þess að ekki eru ákvæði í siðareglum um það að önnur sjónarmið eigi að gilda í þessu efni ef maður sá sem fjallað er um telst vera opinber persóna vegna þess að hann hafi sjálfviljugur gengið fram í sviðsljósið, t.d. vegna þátttöku sinnar í opinberu lífi. Sjónarmið sem að því lúta verða því að heyra til undantekninga og telur Siðanefnd að þau eigi ekki við í málinu en verða þó metin kærðu til málsbóta við ákvörðun um eðli brotsins.

Í andsvörum kærðu, sem lögmaður ritar fyrir hönd þeirra allra, er ekki greint frá hlutverki hvers þeirra um sig við þann frétttaflutning sem kært er vegna. Siðanefnd getur því ekki gert upp á milli kærðu að öðru leyti en því að ekki er tilefni til að telja netmiðilinn sjálfan brotlegan enda liggur fyrir hvaða blaðamenn stóðu að fréttinni.

maðurinn
væri né
hvernig hann liti
út. Þá var í máli nr.
7/2002-2003 kveðið á um
að gera yrði greinarmun á því,
hvort tilgreiningar væri þörf, vegna
sambands við inntak fréttar.
Þegar virt eru fordæmi þessara úr-
skurða Siðanefndar og skýr fyrir máli
3. gr. siðareglna um að blaðamaður

Úrskurður.

Kærðu, Hafliði Breiðfjörð, Magnús Már Einarsson og Elvar Geir Magnússon, teljast hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík, 14. september 2020.

Björn Vignir Sigurpálsson, Hjörtur Gíslason, Ásgeir Þór Árnason, Friðrik Þór Guðmundsson, Nanna Teitsdóttir



Stöð 2 ekki brotleg

Úrskurður máls nr. 8/2019-20

Kærendur: X og Z (óskað er nafnleyndar).

Kærði: Stöð 2.

Kæruafni: Umfjöllun og viðtal við Kolbrúnu Önnu Jónsdóttur um umgengnis-mál á Stöð 2 þann 25. febrúar 2020.

Málsmeðferð: Kærendur sendu Siðanefnd kæru sína með tölvupósti dags. 25. apríl 2020. Siðanefnd ræddi hana á fundum sínum 5. maí, 3. og 9. júní 2020.

Málavextir:

Kæra þessi er vegna viðtals við Kolbrúnu Önnu Jónsdóttur sem var sent út í „Ísland í dag“ á Stöð 2. Þar ræddi hún við Frosta Logason blaða- og fréttamann um sína hlið á erfiðu umgengnismáli. Tilafni viðtalsins var líka að Kolbrún gaf í desember út hljóðbókina „Ákærð“ um téð mál. Umfjöllun og viðtal við Ólaf W. Hand, eiginmann Kolbrúnar, um tálmanir í umgengnismálum, í fréttatíma og dægurmálþætti Stöðvar 2 í febrúar 2017, leiddi einnig til kæru til Siðanefndar, en í úrskurði nr. 8/2016-17 var fjölmiðillinn þar ekki talinn brotlegur við siðareglur BÍ.

Í kæru þessa máls er að stærstum hluta vikið að ummælum viðmælanda Stöðvar 2 í „Ísland í dag“, en Siðanefnd mun einskorða sig við kæruafni er varða vinnubrögð viðkomandi blaða- og fréttamanns og fjölmiðils.

Í kæru er vísað til ummæla á síðum hreyfinganna Líf án ofbeldis og Stuðningshóps ólöggráða barns. Einnig er vísað til Barnasáttmála SP, Umboðsmanns barna, Fjölmiðlanefndar, ríkissaksóknara, dómstóla og innan-húsreglna Stöðvar 2 (Sýnar), en

Siðanefnd tekur ekki afstöðu til þessara atriða, heldur miðar við siðareglur BÍ.

Í kæru segir að Stöð 2 hafi ekki sýnt fyllstu tillitssemi í sérstaklega vandasömu máli og hafi ekki virt kröfuna um að forðast allt sem getur valdið saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu og einnig ekki vandað upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu, sbr. 3. gr. siðareglna. Málið er að mati kærenda sérstaklega vandasamt (sálarheill barns, beinist gegn brotapolum í ofbeldismáli, beinist gegn saklausum og mál sem er til meðferðar hjá dómstólum). Kærendur telja brot að Stöð 2 hafi, fyrst með viðtali við Ólaf W. Hand 2017 og nú Kolbrúnu konu hans, valdið saklausum aðila óþarfa sársauka. Bent er á mögulegt brot á 1. gr. siðareglna BÍ um að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína, blað eða fréttastofu.

Fyrir liggja mikið magn opinberra gagna en blaðamaður vísi að mati kærenda hvorki til þeirra né opinberra niðurstaðna í málinu. Kærendur telja fréttamann hafa dregið taum viðmælanda síns gegn kærendum þessa máls. Þá hljóti að teljast ámælisvert

að veita „þeim hjónum tvenn löng og meiðandi sjónvarpsviðtöl á besta tíma“.

Stöð 2 hafi tilkynnti kærendum um fyrirhugaða umfjöllun „sama dag og hún átti að fara í loftið“ og „frestaði henni svo um einn dag á meðan kærendur hugleiddu hvort rétt væri að koma einnig til viðtals til að svara ásökunum Kolbrúnar“. Kærendur voru þá í sambandi við fréttamanninn og dagskrárlegan framkvæmdastjóra. Kærendur tilkynntu síðan að þeir myndu ekki koma til viðtals. Málið snýst enda ekki um hvort kærendur hafi fengið tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Með tilliti til þessara samskipta telur Siðanefnd að krafa 6. gr. siðareglanna um leiðréttingarósk eigi hér ekki við.

Í andsvörum lögmanns kærða er ekki krafist frávisunar málsins. Í andsvari hafnar lögmaður kærdi því að siðareglur hafi verið brotnar. Áhersla er lögð á að um viðtal sé að ræða, um mál sem á erindi til almennings og kærdi geti ekki borið ábyrgð á ummælum viðmælanda síns. Fréttamaðurinn hafi gætt hlutleysis og varúðar, ekki nafngreint mótaðila viðmælandans og vandað upplýsingaöflun sína. Kærendum hafi gefist kostur á að koma á framfæri sínum sjónarmiðum og kærdi frestað útsendingu viðtalsins um einn dag í því sambandi.

Umfjöllun:

Ljóst er að tilfinningar milli deiluaðila eru ríkar í þessu máli. Umgengnis-, tálmunar- og forræðismál eru oftast nær vandasöm – í umfjölluninni og viðtalinu er fjallað um afar viðkvæmt



mál, en engu að síður mikilvægt, enda varðar það m.a. gagnrýni á afstöðu og aðgerðir stjórnvalda og fellst Siðanefnd á að slík umfjöllun eigi erindi við almenning.

Siðanefnd hafnar því að fréttamaðurinn hafi dregið taum viðmælanda síns og boðið var upp á að andstæð sjónarmið kæmu fram af

kærenda hálfu. Ekki verður annað séð en að vinnubrögð fjölmiðilsins rúmist innan siðareglna BÍ og því ekki um brot að ræða.

Úrskurður:

Stöð 2 braut ekki siðareglur í máli þessu.

Reykjavík, 9. júní 2020,

Ásgeir Þór Árnason, Hjörtur Gíslason, Björn Vignir Sigurpálsson, Nanna Teitsdóttir, Friðrik Þór Guðmundsson

Stundin braut ekki siðareglur

Mál nr. 10/2019-2020.

Kærandi: Margrét Friðriksdóttir.

Kærðu: Stundin og Hlédís Maren Guðmundsdóttir blaðamaður.

Kæruefni: Viðtal í Stundinni 4. ágúst 2020 undir aðalfyrirsögninni „Sema opnar sig um líkamsárás: „Lögreglan og löggjafinn í landinu verða að gera miklu betur í að vernda þolendur“.“

Málsmeðferð: Kæran var send Siðanefnd 17. ágúst. Á fundi nefndarinnar 25. ágúst var málið tekið fyrir og ákveðið að óska eftir andsvörum kærðu. Andsvör bárust 9. september. Fjallað var um málið á fundum nefndarinnar 14. og 18. september.

Málavextir:

Í kærðu viðtali ræddi blaðamaður Stundarinnar við Semu Erlu Serdar um líkamsárás sem hún taldi sig hafa orðið fyrir tveimur árum fyrr fyrir utan skemmtistað í Reykjavík af hálfu konu, sem ekki var nafngreind. Meginefni viðtalsins var seinagangur í rannsókn málsins og svarleysi við fyrirspurnum Semu og lögfræðings hennar um gang rannsóknarinnar. Kærandi þessa siðanefndarmáls, Margrét Friðriksdóttir, kveðst strax daginn eftir umfjöllunina (5. ágúst) hafa sent fjölmiðlinum tölvupóst með kröfu um að fá að koma sínum sjónarmiðum að, en

engin svör fengið. Kærandi vísar til 1. og 3. gr. siðareglna BÍ og telur annars vegar að umfjöllunin hafi verið meiðandi fyrir sig og að vegið hafi verið að mannorði hennar og hins vegar að Stundin og blaðamaðurinn hafi ekki gefið sér kost á andsvörum og hafi fjallað um málið af hlutdrægni.

Í andsvörum greinir ritstjóri Stundarinnar, Jón Trausti Reynisson, frá því að vegna sumarleyfa hafi blaðamanni og ritstjóra yfirsést nefndur tölvupóstur kæranda frá 5. ágúst. Eftir frétt/viðtal við kæranda í DV 11. ágúst hafi blaðamaður haft samband við kæranda og henni boðið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þessu hafi verið hafnað af kæranda en hún í þess stað vísað á facebook-færslu þar sem hennar sjónarmið kæmu fram. Hafi þá viðtalið frá 4. ágúst verið uppfært á vefsíðu fjölmiðilsins og þessum sjónarmiðum komið að. Að öðru leyti benda kærðu á að í upprunalegri umfjöllun hafi nafn kæranda ekki komið fram, að um hafi verið að ræða „frásögn baráttukonu gegn fordómum“ og persónuleg upplifun og gagnrýni á „kerfið“. Einnig er krafist frávisunar málsins vegna þess að það væri til umfjöllunar hjá Fjölmiðlanefnd.

Umfjöllun:

Siðanefnd fellst ekki á frávisun málsins, þar eð umfjöllun fyrir Fjölmiðlanefnd getur ekki talist ígildi umfjöllunar fyrir dómstólum, samanber 6. gr. siðareglna. Siðanefnd tekur undir með kærðu að í upprunalegri umfjöllun hafi lykilatriðið verið viðtalsfrásögn af persónulegri upplifun Semu Erlu af seinagangi við rannsókn kærðu hennar fyrir meinta líkamsárás og þar var nafn kæranda þessa máls ekki nefnt. Með þetta í huga telur Siðanefnd að ekki hafi verið nauðsynlegt að leita andstæðra sjónarmiða á þeim tímapunkti. Þess utan liggur fyrir að umrædd umfjöllun var uppfærð að kröfu kæranda og hennar sjónarmiðum komið á framfæri. Ekki er ástæða til að efast um skýringar kærðu um að tölvupóstur frá kæranda 5. ágúst hafi farið framhjá ritstjórn og blaðamanni vegna sumarleyfa.

Úrskurður: Kærðu, Stundin og Hlédís Maren Guðmundsdóttir blaðamaður, brutu ekki siðareglur í máli þessu.

Reykjavík, 18. september 2020,

Björn Vignir Sigurpálsson, Hjörtur Gíslason, Ásgeir Þór Árnason, Nanna Teitsdóttir, Friðrik Þór Guðmundsson

Siðareglur BÍ

Í starfi sínu hafa blaðamenn allra fjölmiðla jafnan í huga grundvallarreglur mannlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.

1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óparfa sársauka eða vanvirðu.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill, krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningu, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í

myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framan- greindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu, enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki Siðanefnd kærsmål til efnis- legrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu. Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- ámælisvert
- alvarlegt
- mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum. Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan. Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vitar á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði. Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Pekktu rétt þinn!

Grunnurinn. Kjarasamningar BÍ eru grunnurinn að því sem greiða ber fyrir vinnu blaða- og fréttamanna á fjölmiðlum á Íslandi. Það þýðir að óheimilt er samkvæmt lögum að greiða minna en þeir kveða á um. Engin takmörk er á því hversu mikið meira má greiða.

Vinnutími. Vikulegur dagvinnutími blaða- og fréttamanna er 35-40 stundir. Vinnutíminn er styttri á vaktavinnudeildum en á dagvinnudeildum. Vinna umfram það er ávallt yfirvinna og ber að greiða sérstaklega fyrir hana.

Yfirvinna. Greitt er fyrir yfirvinnu með 1,0385% af dagvinnulaunum. Það þýðir til dæmis að yfirvinnutíminn kostar 3.635 kr. fyrir þann sem er á 350 þús. kr. taxtalaunum. Tíu yfirvinnutímar á viku eða 40 í mánuði kosta þar með 145.400 kr. í vinnulaunum. Lágmarkslaun í því tilviki eru því 495.400 kr.

Hámarksvinnutími. Ekki er heimilt að vinna meira en 48 klukkustundir á viku að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Rauðir dagar. Almennir frídagar á ári eru átta: Skírdagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstingningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum. Vinna á þessum dögum er aukavinna og ekki greitt fyrir færri en fjóra tíma. Ef um vaktavinnu er að ræða kemur frídagur fyrir vinnu á þessum degi.

Stórhátíðardagar. Stórhátíðardagar á ári eru einnig átta: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársdagur. Tvöföld yfirvinna er greidd á þessum dögum, ekki minna en átta tímar vegna fólks í dagvinnu. Vaktavinnuáður fær frídag og yfirvinnu.

Fastlaunasamningar. Mjög hefur færst í vöxt að samið sé um ein laun fyrir starfið. Slíkir launasamningar hafa kallast fastlaunasamningar Hagkvæmi slíkra samninga fer algerlega eftir því hversu mikla yfirvinnu starfið innifelur. Það þýðir að þú þarft að fylgjast vel með yfirvinnutímum, svo laun verði ekki undir kjarasamningum. **Ekki vinna ókeypis. Það er bannað samkvæmt lögum og kjarasamningum.** Engum er skylt að vera á fastlaunasamningi og allir geta gert kröfu til að vinna samkvæmt kjarasamningnum og fá greitt fyrir yfirvinnu.

Fastráðning. Blaðamenn eru fastráðnir eftir fjóra mánuði, óháð því hvort gerður er ráðningarsamningur eða ekki. Ef blaðamaður er fastráðinn strax frá byrjun eða áður en fjögurra mánaða starfstíma er náð er nauðsynlegt að það sé staðfest með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir, en uppsagnarfrestur á reynslutíma er ein vika.

Endurgreiddur kostnaður. Blaða- og fréttamenn fá endurgreiddan kostnað vegna starfs síns frá atvinnurekendum. Endurgreiddar eru áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla, samtals kr. 10.500 á mánuði, símakostnaður 8.500 kr. á mánuði og nettenging og kostnaður vegna hennar samtals kr. 4.000. Samtals gera þetta 23.000 kr. en útgefandi getur látið einhver ofangreindra atriða í té á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

Fyrirframgreidd laun. Blaðamenn eiga að fá fyrirframgreidd laun við fastráðningu.

Höfundarréttur. Blaðamenn eiga óskoraðan höfundarrétt að verkum sínum. Sérstakir höfundarréttarsamningar hafa verið gerðir á mörgum ritstjórnnum, sem tryggja greiðslur fyrir framsal á höfundarrétti.

Orlof. Fyrir fjögur ár í starfi eiga blaðamenn 24 daga í sumarorlof á ári. Eftir fjögur ár fjölgar dögum í 27 jafnframt því sem heimilt er að geyma 5 daga og taka 10 að vetri, samanlagt 32 dagar í sumar- og vetrarorlof. Dögnum fjölgar í 29 (34) eftir 10 ár og 30 (35) eftir 18 ár.

3ja mánaða frí. Allir blaðamenn eiga rétt á 3ja mánaða leyfi að meðtöldu sumarleyfi eftir 5 ár í starfi og aftur eftir 10 ár og síðan á fjögurra ára fresti upp frá því.

Veikindaréttur. Veikindaréttur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir á fullum launum og þrjú mánuðir á hálfum

launum. Styrktarsjóður BÍ greiðir sjúkradagpeninga þar til viðbótar í allt að eitt ár.

Tryggingar. Allir blaðamenn eru slysa- og líffryggðir í vinnu og í frítíma. Atvinnurekanda ber að sjá til þess. Tryggingabætur vegna andláts fara eftir fjölskylduáðstæðum og geta numið 6-12 milljónum þegar um fjölskyldumann er að ræða með börn.

Lífeyrisiðgjöld. Blaða- og fréttamenn greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 4% af heildarlaunum. Til viðbótar greiðir atvinnurekandi 11,5% af heildarlaunum, þannig að samanlagt lífeyrissjóðsframlag er 15,5%.*

Séreignasjóður. Blaða- og fréttmenn geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í séreignasjóð án þess að af því sé tekinn skattur. Atvinnurekandi greiðir 2% mótframlag gegn að lágmarki 2% framlagi launamanns.

*Gildir frá 1. júlí 2018.

Hvað gerir félagið?

Hagsmunagæsla. Blaðamannafélag Íslands stendur vörð um stéttarlega og faglega hagsmuni blaðamanna í víðu samhengi og kemur fram fyrir hönd stéttarinnar gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldi.

Fjölmiðlun. BÍ er með vefinn press.is og gefur út Blaðamanninn 1-2 sinnum á ári. Birgir Guðmundsson birgir@unak.is er ritstjóri vefsins og Blaðamannsins.

Fagleg umræða. BÍ heldur svonefnd pressukvöld öðru hverju þar sem fagleg málefni, sem efst eru á baugi hverju sinni, eru rædd ítarlega.

Lögfræðiþjónusta. Lögfræðistofan LAG-lögmenn vinnur fyrir Blaðamannafélag Íslands og félaga þess þegar lögmennþjónusta er þörf.

Orlofshús. Félagið á tvö sumarhús í Brekku í Biskupstungum, raðhús á Akureyri og einbýlishús í Stykkishólmi, sem eru til afnota fyrir félagsmenn.

Endurmenntun. Á vegum BÍ er rekinn endurmenntunar- og háskólasjóður, sem allir fullgildir félagsmenn geta leitað til um styrkveitingar til að sækja hvers kyns nám og námskeið hér á landi og erlendis í lengri og skemmri tíma.

Rannsókn- og verkefnastyrkir. Hægt er að sækja um sérstaka rannsókn- og verkefnastyrki þegar um er að ræða útgjalda- og/ eða tímafreka rannsóknvinnu

Styrktarsjóður. Styrktarsjóður greiðir niður kostnað vegna sjúkrabjálfunar, gleraugna, laseraðgerða, hjartaverndar, krabbameinsskoðunar, sálfræðiþjónustu, tannlækna, tækniþjónungunar o.fl. Hann greiðir einnig fæðingarstyrki í hlutfalli við lengd fæðingarorlofs og ættleiðingarstyrki


Alvarleg veikindi. Styrktarsjóður tryggir laun í allt að eitt ár að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum í alvarlegum slysa- og veikindatilfellum. Þá er hægt að sækja um styrki til sjóðsins þegar um mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu er að ræða.

Menningarsjóðsstyrkir. Menningarsjóður BÍ veitir styrki þegar fullgildir félagsmenn eiga rétt á að fara í þriggja mánaða leyfi.

Síðanefnd. Á vegum BÍ starfar síðanefnd sem almenningur getur leitað til telji hann á sig hallað í fjölmiðlum.

Alþjóðlegt samstarf. BÍ er aðili að Alþjóðasambandi blaðamanna, Evrópusambandi blaðamanna og Samtökum norræna blaðamannafélaga

Skrifstofa BÍ. Skrifstofa BÍ er að Síðumúla 23, 108 Reykjavík og er opin daglega milli 9 og 16. Þar starfa Hjálmar Jónsson, formaður/ framkvæmdastjóri, hjalmar@press.is og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri, jona@press.is. Sími á skrifstofu er 553 9155. Farsími formanns er 897 4098.



Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Bláðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur eru í gildi í ársbyrjun 2019:

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun, allt að 572.887 kr. á mánuði í eitt ár eftir að veikindi hefjast, að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Varðandi endurgreiðslu almenns lækniskostnaðar eru félagsmenn beðnir um að halda til haga kvittunum. Að liðnu almanaksárinu þurfa þeir að fá greiðslufirlit frá Sjúkratryggingum Íslands fyrir nýliðið ár og leggja gögnin fram með umsókn um styrk úr styrktarsjóði.

Sjúkraþjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 40 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Styrkfjárhæð nemur 400 þúsund kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 112.500 kr. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir 15 skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 7.500 kr. fyrir hvert skipti.

Tæknifrjövganir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjövngana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 75 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Heilsuhæli:

Greitt er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innlands allt að helmingi kostnaðar þó ekki meira en 100 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 75 þúsund á 24 mánaða fresti fyrir gleraugu og 150.000 kr. fyrir heyrnartæki.

Göngumæling/Innlegg:

Greiddur er 75% kostnaðar, þó að hámarki 20 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufars-ástandum. Styrkur getur þó aldrei ódrið hærri en 125 þúsund kr. í eitt skipti. Eftir að hafa verið fullgildur félagi í 10 ár eða lengur stofnast réttur til viðbótarstyrks vegna tannlæknakostnaðar sem nemur helmingi kostnaðar allt að 300 þúsund kr. í eitt skipti.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan, er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Heilsuefling:

Veittur er styrkur vegna heilsueflingar sem getur numið allt að helmingi kostnaðar, þó ekki hærri en sem nemur 20 þús. kr. á hverju almanaksári gegn framvísun frumrits reiknings. Ákvörðunin gildir vegna útgjalda sem stofnað hefur verið til á árinu.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun frumrits fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar.

Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofssjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi. Reikningar fyrra almanaksárs eru tækir til endurgreiðslu, en ekki eldri reikningar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Bláðamannafélagsins, www.press.is